

JÓN ÖRVAR GESTSSON

### Stefnir á þátttöku í World Outgames

• heilsa  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PORSTEINN GUÐMUNDSSON:

### Flutti gamanmál hjá Seðlabankanum

Buffið lék loks fyrir dansi  
FÓLK 26



Láttu okkur snúast í kringum þig!

A4 einblöðungur, prentað báðu megin  
1.000 stk. 33.000,- + vsk  
Bæklingur 10x21 cm. 6 síður  
1.000 stk. 43.800,- + vsk.

www.isafold.is  
Sími 595 0300



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. janúar 2009 – 24. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Klassík í nýju ljósi

Tónleikar til heiðurs Mozart verða haldnir á Kjarvalsstöðum í kvöld í tilefni af afmæli tónskáldsins.

TÍMAMÓT 16



### Boðið að stjórna í Bretlandi

Hörður Torfason hefur fengið boð um að stjórna mótmælum erlendis.

FÓLK 26



### Sigt í strand

„Verstu mistök stjórnarinnar undanfarna mánuði hafa verið þau að velta byrðunum af kreppunni yfir á bök þeirra sem minnst mega sín,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

UMRÆÐAN 14


### Breytt gengi Stjórnunnar

Stjarnan hefur unnið sex af fyrstu sjö leikjum sínum í körfunni undir stjórn Teits Örylgs-sonar.

ÍPRÓTTIR 22



## VEÐRIÐ Í DAG



ÉL Í dag verður fremur hæg suðlæg átt. Bjart með köflum norðan og austan til þegar kemur fram á daginn annars víða él. Frost 0-5 stig en frostlaust með ströndum syðra.

VEÐUR 4

## 30% afsláttur



Porto lyftistóll  
leður - aðeins kr. 168.820,-  
Ekki missa af þessu!



MARKAR LEIÐINA AÐ NÝRRI STJÓRN Það var gestkvæmt á Bessastöðum í gær. Fyrst kom Geir H. Haarde, fráfaramandi forsætisráðherra, og það st lausnar en síðan komu formenn flokkanna hver á eftir öðrum. Í millitíðinni kom Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, á framfæri fjórum atriðum sem marka skulu leiðina að nýrri stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sátt um að Jóhanna leiði nýja ríkisstjórn

VG fellst á að Jóhanna Sigurðardóttir verði forsætisráðherra í minnihlutastjórn VG og Samfylkingarinnar sem Framsóknarflokkurinn ver vantrausti. VG setur fram margvíslegar kröfur um verkefni. Framsókn setur stjórninni líka skilyrði.

**STJÓRN MÁL** Kyrrsetning eigna auðmanna sem áttu þátt í hruni bankakerfisins er meðal þess sem Vinstri hreyfingin - grænt framboð vill að verði á verkefnalista nýrrar ríkisstjórnar. Flokkurinn samþykkir að Jóhanna Sigurðardóttir verði forsætisráðherra í minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og VG sem Framsóknarflokkurinn ver vantrausti á Alþingi. Stjórnin á að starfa fram að kosningum sem, að ósk VG, eiga að fara fram eins fljótt og auðið er, helst í apríl.

VG vill líka að gripið verði til margvíslegra aðgerða til bjargar heimilunum. Samfylkingin leggur áherslu á slíkt hið sama. Þá vill VG að ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á heilbrigðiskerfinu að undanförunni verði dregnar til baka og eftirlaunaréttindi þingmanna og ráðherra verði færð til

## JÓHANNA SEGIST TILBÚIN AÐ TAKA VIÐ

„Ég á eftir að sjá hvernig málin leggjast og hvort ég hafi ekki örugglega traust í þetta,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir, en í gær sagði Ingibjörg Sólrún að Samfylkingin legði áherslu á að hún yrði forsætisráðherra. Spurð hvort hún sjálf væri tilbúin til að taka það að sér svaraði hún: „Já, já.“ Jóhanna segir að hugmyndin hafi fyrst verið nefnd við hana í gærmorgun.

Hennar fyrsti kostur í nýju stjórnarsamstarfi er minnihlutastjórn með Vinstri grænum og stuðningi Framsóknarflokks. „Síðan kemur auðvitað til greina minnihlutastjórn okkar í Samfylkingunni með hlutleysi vinstri grænna og framsóknarmanna,“ segir hún. Spurð hvort hún hafi eitthvað rætt við þingmenn Vinstri grænna svaraði hún: „Ég er alltaf að tala við vinstri græna.“ - ss

samræmis við það sem almennir launamenn njóta.

Framsóknarflokkurinn setur ýmis skilyrði fyrir að verja ríkisstjórnina vantrausti. Lúta þau einkum að aðgerðum í þágu heimila og fyrirtækja auk þess sem flokkurinn krefst þess að breyting verði gerð á fyrirstjórn Seðlabankans. Um það er samhljómur í flokkunum þremur. Þá er lík-

legt að um semjast að stjórnlagabing verði sett á lagginnar er taki ýmsar greinar stjórnarskrárinnar til endurskoðunar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, orðaði möguleikann á að Jóhanna Sigurðardóttir yrði forsætisráðherra þegar ljóst varð að samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn væri lokið. bþs, kóp / sjá síður 4, 6, 8 og 10

## Myndun nýrrar stjórnar: Forsetinn segist hafa valdið

**STJÓRN MÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, greindi frá fjórum atriðum sem hafa bæri í huga við myndun nýrrar ríkisstjórnar. Ekki er hefð fyrir því að forsetinn komi fram með slík tilmæli áður en veitt er umboð til stjórnarmyndunar. Kváðu þau á um að náð yrði samfélagslegri sátt eftir óróatíð, að komið yrði á stjórn sem ynni að lausn á vanda fjölskyldna og fyrirtækja í landinu, kosið yrði sem fyrst og að fundinn yrði farvegur fyrir umræðu um endurbætta eða nýja stjórnarskrá.

Hann áréttaði að forsætisráðherra hefur ekki einn og sér vald til að rjúfa þing og boða til kosninga. Það vald hefur forseti Íslands einn nú eins og sakir standa, sagði hann.

jse / sjá síðu 4

## Ástæða stjórnarslita: Kenna hvor öðrum um

**STJÓRN MÁL** Fráfaramandi stjórnarflokka greinir verulega á um ástæður stjórnarslitanna. Geir H. Haarde sagði Samfylkinguna ábyrgja fyrir þeim. Sagði hann þennan fyrrverandi samstarfsflokk í tætlum og að hann hefði ekki haft þrek til að ljúka samstarfinu með eðlilegum hætti. Samfylkingin hafi sífellt komið fram með nýjar kröfur og hafi sjálfstæðismenn orðið við þeim öllum þar til Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi farið fram á að einhver utanaðkomandi yrði fenginn til að leiða stjórnina.

Ingibjörg segir hins vegar afstöðu sjálfstæðismanna bera vitni um hroka og að flokkurinn væri fyrst og fremst valdakerfi. Árni Páll Árnason, samflokksmaður hennar, sagði Sjálfstæðisflokkinn eins og bandalag margra skæruliðahreyfinga.

- jse / sjá síðu 8







GOTT PÓLKI 137516

## HÉR VIRKAR **HEIMAVÖRNIN** BEST

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.  
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, [www.securitas.is](http://www.securitas.is).



**HEIMAVÖRN**

## Ný ríkisstjórn í mótun

Gunnar Helgi Kristinnson:  
**Forsetinn ekki gerandi núna**



Gunnar Helgi Kristinnson segir að forsetinn sé greinilega að koma sér inn í umræðuna með þeim fjórum atriðum sem hann vill að ný

stjórn nái saman um. „Hann stýrir þessu ekki mjög mikið í raun og veru núna. Hann getur ekkert gert sem stjórnmalaforingjarnir og flokkarnir sætta sig ekki við.“

Gunnar Helgi segir minnihlutastjórn Samfylkingar og VG líklegasta í stöðunni. Þjóðstjórn sé veik stjórn þar sem hver flokkur hafi neitunarvald. Þá sé utanþingsstjórn ólíkleg. „Ef forsetinn ætla að reyna að fara fram í andstöðu við stjórnmalafölin er hætt við að það fari ekki vel,“ segir Gunnar. -kóp

Ólafur Þ. Harðarson:  
**Óvenjulega að þessu staðið**



Ólafur Þ. Harðarson segir óvenjulega staðið að veitingu stjórnarmyndunarumboðs hjá forsetanum. Ekki sé nákvæmlega

ljóst hvað fyrirhæfi hans þýði, en svo verði að líta á að hann hafi verið að lýsa skoðunum sínum.

„Hann getur komið sjónarmiðum sínum á framfæri við forystumenn flokkanna, en í raun kemur ekki til hans kasta nema óljóst sé hver eigi að fá umboðið.“

Ólafur segir að greinilega hafi verið kominn pirringur í stjórnarflokkana. Krafa Samfylkingarinnar um að fá forsætisráðherra hafi verið erfiður bitur fyrir Sjálfstæðisflokkinn. -kóp

Hættir í bankaráðinu:

**Jón hættir sem varaformaður**

Jón Sigurðsson óskaði formlega eftir að láta af starfi sem varaformaður Seðlabanka Íslands í gær. Jón hætti í gær sem formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, eftir að Björgvin G. Sigurðsson, fráfarandi viðskiptaráðherra, fór fram á það. Ekki náðist í Jón við vinnslu fréttarinnar. -kóp



FRÁ BLAÐAMANNAFUNDINUM Á BESSASTÖÐUM Ólafur Ragnar Grímsson gerir grein fyrir fundi sínum með fráfarandi forsætisráðherra og við sama tækifæri greindi hann frá því sem hafa bæri í huga við stjórnarmyndum en það er nylunda að forsetinn geri opinberlega grein fyrir slíkum áherslum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forseti lagði línurnar

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands braut hefð og lagði línurnar fyrir myndun nýrrar stjórnar. Vald til að rjúfa þing er í hans höndum. Hann sagði enga stjórn í sögu lýðveldisins hafa þurft að þola annað eins.

„Ég held það sé óhætt að segja, hvað sem líður afstöðu manna til einstakra verka fráfarandi ríkisstjórnar, að engir ráðherrar, engin ríkisstjórn, enginn forsætisráðherra í sögu lýðveldisins hafa þurft að glíma við jafn mörg og alvarleg vandamál og fráfarandi ríkisstjórn,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þegar hann greindi frá því í gær að hann hefði fallist á lausnarbeiðni Geirs H. Haarde.

Hann greindi frá fjórum atriðum sem hann telur brýnt að hafa beri í huga við myndun nýrrar stjórnar þótt ekki sé hefð fyrir því að forseti greini frá slíku fyrir stjórnarmyndun. Í fyrsta lagi sagði hann að vinna yrði að því að skapa samfélagslega sátt og búa þannig um hnútana að fólk gengi til starfa á friðsamum og öruggum hátt. „Við höfum öll orðið vitni að því,“ sagði hann til frekari útskýringar, „að íslenskt samfélag hefur liðið fyrir átök og atburði á undanföllum dögum sem er ný reynsla fyrir okkur sem þjóð og getur stefnt þeirri samfélagslegu sáttargerð og friðsemið sem hefur verið stolt okkar Íslendinga í voða. Og enginn veit hvert slíkt samfélag kann að

stefna ef svo heldur áfram.“ Í öðru lagi sagði hann mikilvægt að unnið yrði skjótt að farsælli lausn á þeim vandamálum sem blasa við íslenskum fjölskyldum og fyrirtækjum. Í þriðja lagi að boðað yrði til þingskosninga og í fjórða lagi að fundinn yrði farvegur fyrir þá umræðu að lagfæra eða semja nýja stjórnarskrá eða stofnun nýs lýðveldis, eins og heyrst hefur talað um. Hann sagðist hafa heyrt því fleygt í fjölmiðlum að forsætisráðherra einn og sér hefði vald til að rjúfa þing. „Þetta er misskilningur á íslenski stjórnskipan. Forsætisráðherra hefur tillögur um þingrof og síðan er það sjálfstætt mat forseta, eins og dæmin sanna í okkar sögu, hvort hann verður við þeirri ósk eða ekki. En fráfarandi forsætisráðherra Geir H. Haarde bar ekki fram slíka ósk.“ Í framhaldi sagði hann að ekki væri starfandi neinn forsætisráðherra sem gæti lagt fram slíka kröfu og því væri þetta vald eingöngu í höndum forsetans eins og sakir standa.

Hann sagði brýnt að stjórn yrði mynduð sem fyrst en hann myndi þó ekki setja nein tímamörk, að minnsta kosti ekki að sinni.

jse@frettabladid.is

## FORSETINN RÝFUR EKKI ÞING EINN

Orð forseta um þingrofsréttinn annars vegar og verkefnalista nýrrar ríkisstjórnar hins vegar vöktu athygli. Sagði forsetinn þingrofsvaldið hjá sér.

Ragnhildur Helgadóttir, laga- og stjórnskipunarfræðingur, segir alveg skýrt samkvæmt stjórnarskránni að forseti beri ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum og að hann láti ráðherra framkvæma vald sitt. Nítjándi greinin kveði svo á um að undirskrift forseta veiti ákvörðunum aðeins gildi þegar ráðherra ritar undir mál eða erindi með honum. „Forseti getur því ekki rofið þing nema ráðherra geri það með honum,“ segir Ragnhildur.

Forsetinn sagði nýja ríkisstjórn þurfa að sinna tilteknum verkefnum. „Hann hefur enga heimild til að leggja ríkisstjórn pólitískar línur,“ segir Ragnhildur. „Hann bindur ekki þingið og eina afdráttarlausa lagareglan varðandi stjórnarmyndun er þingræðisreglan sem segir til um að ríkisstjórn verði að hafa stuðning eða hlutleysi meirihluta Alþingis.“ Ragnhildur segir að þar af leiðandi geti forseti ekki sagt ríkisstjórn fyrir



RAGNHILDUR HELGADÓTTIR Prófessor við Háskólann í Reykjavík.

verkem. Og í raun túlki hún orð hans ekki á þann veg. „Mér virðist hann vera að túlka undirölduna í samfélaginu fyrir stjórnmalamennina og það má líta svo á að það sé hjálplegt og gott að einhver gerir það.“ -bþs

## BÁÐIR RITI UNDIR

19. gr. stjórnarskránnar. ■ Undirskrift forseta lýðveldisins undir lögjafarmál eða stjórnareriindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

**Xerodent**  
Við munnþurrki

**Preföld virkni Xerodents**

- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur. Notkunarsvið og skömmtun: Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natriumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrki. Skammtastærðir fyrir fullorðna: 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrki má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn. Varúðarreglur: Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnum eða einhverju hjálparefnum ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitol getur það haft hæðalosandi verun. Meðganga/brjóstgjöf: Engin þekkt áætla við notkun á meðgöngu. Natriumflúoríð skilist ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.

**VEÐURSPÁ**

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur


**HELDUR KÓLNANDI**  
Það verður eljaloft yfir sunnan- og vestanverðu landinu í dag og jafnvel með austurströndinni einnig en norðanlands verður úrkomulaust þegar kemur fram á morguninn og upp úr því léttir þar til. Svipað veður verður á morgun en úrkomu verður þó heldur minni en í dag. Þróunin er síðan að heldur kólni næstu daga.

**Á MORGUN**  
Hæg suðlæg átt.

**FIMMTUDAGUR**  
5-8 m/s.

HEIMURINN	°C
Alicante	17°
Amsterdam	4°
Basel	6°
Berlín	3°
Billund	2°
Eindhoven	4°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	18°
London	8°
New York	1°
Orlando	26°
Osló	-1°
París	7°
Róm	11°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádeg.



ÞAÐ VAR SVONA  
SEM VIÐ HUGSUÐUM ÞAÐ

ECONOMY COMFORT:



**SETTU TÖLVUNA Í SAMBAND  
OG LÁTTU FARA VEL UM ÞIG**

Við þekkjum öll tilfinninguna að koma heim. Setjast í stólinn sinn eða sófann, kveikja á lampanum, sjónvarpinu, tölvunni eða taka upp bók.

Það var þessi tilfinning sem við höfðum í huga við breytingar á flugflota Icelandair. Við bjóðum nýtt farrymi, Economy Comfort, sem hentar fólki sem gerir meiri kröfur um góða vinnuáðstöðu og þjónustu.

Við fækkuðum um eina sætaröð svo að nú er rýmra um alla farþega. Á öllum farrýmum eru ný leðursæti og nýtt afþreyingarkerfi þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval af kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum.

Það var þannig sem við hugsuðum það. Verið velkomin um borð.

## Ný ríkisstjórn í mótun

Seðlabanki svarar ekki:

### Hefðu breytt bankastjórn



DAVÍÐ ODDSSON

Bæði Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið tilbúinn til að gera breytingar á stjórn Seðlabankans. Þorgerður sagði flokkinn hafa verið reiðubúinn til að gefa út yfirlýsingar um að klára þyrfti frumvarp um Seðlabankann sem fyrst sem myndi hafa í för með sér breytingar á yfirlýsingu inni.

Þá sagði Geir að hægt hefði verið að semja um ágreiningsatriði. „Ég er sannfærður um að við hefðum náð niðurstöðu varðandi öll þau atriði, þar með talið Seðlabankann.“

Fréttablaðið leitaði viðbragða seðlabankastjóra við þessu en þau fengust ekki. - kóp

Formaður frjálslyndra:

### Leggur áherslu á þjóðstjórnina



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir vænsta kostinn í stöðunni þann að mynda þjóðstjórn.

Hann hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hann verji minnihlutastjórn VG og Samfylkingar vantrausti. Guðjón veit ekki til þess að aðrir flokkar sýni þjóðstjórnarmynstri áhuga. Engar formlegar þreifingar hafi farið fram milli þeirra og annarra flokka.

Spurður um niðurstöðu af fundi sínum með forseta, nefnir hann fyrst að ekkert sé á hreinu um hugsanlega ríkisstjórn.

Frjálslyndi flokkurinn vilji auka aflaheimildir, úr 130.000 tonnum og í 220.000 tonn. - kóp



UPPLÝST UM STÖÐUNA Ingibjörg Sólrún Gísladóttir greindi frá gangi mála að loknum þingflokksfundum Samfylkingarinnar. Skömmu síðar gekk hún á fund Geirs H. Haarde og á honum varð ljóst að ríkisstjórnarsamstarfinu væri lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Hef flutt læknastofu mína í Læknastöð Vesturbæjar, Melhaga 20-22. Tímarpantanir í síma 562 8090 kl. 10-18.

**Einar Már Valdimarsson**

sérgrein: heila- og taugasjúkdómar.

# BURT MED BUMBUNA

SÚPERVIKA 26.JAN.-2.FEB  
ALLAR MÁLTÍÐIR Á 990



HLÍÐASMÁRA 15 OG FAXAFENI 9

# Tappinn var Davíð

Samfylkingin lagði fram í byrjun nóvember tillögu um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í 55 liðum með 48 undirliðum. Framkvæmdastjóri flokksins segir sumt hafa komist í framkvæmd en annað strandað hjá Sjálfstæðismönnum.

„Tappinn var Davíð Oddsson,“ segir Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, um aðgerðaáætlun sem samfylkingarfólk lagði fram á fyrsta fundi sérstaks aðgerðahóps ríkisstjórnarinnar sem tók til starfa í nóvemberbyrjun.

Í hópnum sátu framkvæmdastjórnarstjórnarmenn flokksins, ráðherrar og þingmenn en fyrir honum fóru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Skúli segir Samfylkinguna hafa lagt skjalið fram sem innlegg í nýjan stjórnarsáttmála enda hafi forsendur sáttmálans sem samið var um á Þingvöllum verið svo gott sem brostnar. Ýmislegt úr tillögupakkanum hafi náð inn í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir heimilin og atvinnulífið en annað náði aldrei fram að ganga.

„Við lögðum þunga áherslu á það sem við kölluðum hreinsunaráætlunina; tiltektina í Fjármálaeftirlitinum og Seðlabankanum og ýmislegt er varðar siðferðislega ábyrgð, endurskoðun ráðherraábyrgðar og fleira. Þetta komst aldrei áfram, tappinn var Davíð Oddsson.“

Hann segir samstarfið í hópnum hafa verið ágætt, Sjálfstæðismenn hafi leikið alls kyns leiki og lofað

## PENINGASTEFNURÁÐ Í SEÐLABANKANN

Innlegg Samfylkingarinnar að því sem nefnt var nýr stjórnarsáttmáli er í 55 liðum með 48 undirliðum í sjö köflum. Þeir eru: Endurmat og uppgjör, hagur heimilanna, hagur fyrir-tækja, sprotafyrirtæki og nýsköpun, auðlindir og orkufrekur iðnaður, ferðaþjónusta og umhverfisvernd og samvinna og samráð.

### Endurmat og uppgjör:

■ Eftirlaunakjör þingmanna og ráðherra færð nær rétti almennings.

■ Siðareglur fyrir ráðamenn verði samþykktar sem feli í sér reglur og upplýsingaskyldu um fjárhagsleg hagsmunatengsl.

■ Lög um ráðherraábyrgð verði endurskoðuð.

■ Reglur um tryggingasjóð innstæðueigna verði endurskoðaðar.

■ Rannsóknarnefnd sett á fót sem skýri orsakir og aðdraganda fjármálakreppunnar.

■ Lögum um Seðlabankann verði breytt með þeim hætti að fyrir bankanum sé einn bankastjóri skípaður út frá alþjóðlegum hæfniskröfum og að komið verði á fót peningastefnuráði sem fari með ákvarðanir um beitingu allra stjórntækja bankans, þ.e. stýrivaxta, bindiskyldu og lausafjárreglna.

■ Lagaumhverfi fjármálamarkaðar verði tekið til endurskoðunar.

■ Ríkisstjórnin lýsir því yfir að þegar í stað verði hafinn undirbúningur að því að sækja um aðeild að Evrópusambandinu og búa Ísland undir upptöku evru eins fljótt og auðið er.

Þá vildi Samfylkingin meðal annars auka fiskveiðiheimildir um 50 þúsund þorsgildistonn og bjóða þær til leigu á markaði. Jafnframt setja lög sem tryggja að allur aflari fari á markað.

ýmsu, „en svo gerðist aldrei neitt. Þeir gátu ekki klárað þetta.“

Skúli segir Samfylkinguna hafa þrýst mjög á um að búið yrði svo um hnúta að ríkisstjórnin tæki ákvörðun um Evrópusambands-

mál í febrúar. Þjóðin stæði þá klár á hvert stjórnin stefndi. „Þeir tóku ekki illa í það í byrjun en svo fór það í sama far og annað,“ segir hann um undirtektir sjálfstæðismanna. bjorn@frettabladid.is

Steingrímur J. Sigfússon:

## Líst vel á Jóhönnu í forsætisráðuneyti

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, sagði eftir fund með forseta Íslands í gær að flokkur sinn væri opin fyrir myndun þjóðstjórnar. Hann telur þó ólíklegt að fráfarandi stjórnarflokkar

séu tilbúnir til að koma aftur að borðinu og því sé hann nokkuð svartsýnn á að slík stjórn taki við.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið nefnd sem líklegur næsti forsætisráðherra og því var hann spurður hvernig honum litist á það? „Mér litist vel á hana og þekki hana af langri samveru,“ sagði hann. Hann sagði enn fremur að vinstri grænir hefðu ekki gert neinar kröfur um forsætisráðuneytið, slíkt væri aukaatriði eins og sakir stæðu. - jse



Á BESSTASTÖÐUM Steingrímur fundaði með forsetanum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

## Ver stjórn sem styður heimilin

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, ítrekaði á fundi sínum með Ólafi Ragnari Grímsyni, forseta Íslands, að framsókn væri til í að verja minnihlutastjórn vantrausti svo lengi sem slík stjórn kæmi fram með trúverðuga stefnu. Hann lagði mikla áherslu á að hún yrði að leggja mikið upp úr aðstoð við skuldetta heimili en einnig atvinnulífið.

Spurður að því hvernig honum litist á Jóhönnu Sigurðardóttir sem hugsanlegan forsætisráðherra sagði hann ekki vilja tjá sig sérstaklega um ráðherraskipan. Framsóknarmenn myndu ekki hlutast til um það en hins vegar setja viss skilyrði varðandi málefni.

- kóp / jse



AÐ LOKNUM FUNDI Sigmundur sagði Framsókn styðja minnihlutastjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



„Hugurinn ber þig alla leið“

**Kári Eypórsson MPNLP**

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fátir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.

**NLP** er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

**NLP** er öflugasta sjálfstjórningarnámsskeið sem völ er á.

Námskeið í **NLP** tækni verður haldið 13. - 15. feb. og 20. - 22. feb. 2009.

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

# BYGGJUM UPP MEÐ BETRI VERKFAERUM

0% VEXTIR TIL 12 MÁNAÐA

NÚ SKRÚFUM VIÐ NIÐUR VERÐIN!

**DEWALT**

**AUKAPAKKI  
FYLGR**



ÖRYGGISGLERAUGU



ÖRYGGISHJÁLMI



VINNUHANSKAR



**HLEÐSLUBORVÉL**

94DC940KB

Hleðsluborvél 12V XRP-4  
2\*2,6Ah, 48Nm

+

**AUKAPAKKI**

**36.900 kr.**

eða 3.075 kr. á mán.\*



**HLEÐSLUBORVÉL**

94DC988KB

18V 2\*2,6Ah 13mm m/höggi  
XRP3 52Nm, þyngd 2,5kg

+

**AUKAPAKKI**

**49.900 kr.**

eða 4.158 kr. á mán.\*



**HLEÐSLUBORVÉL**

94DC721KB

Hleðsluborvél 18v  
13mm, 2\*2,6Ah, 44Nm

+

**AUKAPAKKI**

**46.900 kr.**

eða 3.908 kr. á mán.\*



**BOR OG BROTHAMAR**

94D25600K

accav18v13mm  
2\*2,6Ah, 44Nm

+

**AUKAPAKKI**

**94.900 kr.**

eða 7.908 kr. á mán.\*



Með sogbúnaði

**BORHAMAR SDS**

94D25305K

+  
**AUKAPAKKI**

**6.000 kr.**

inneign í SDS bora

**49.900 kr.**

eða 4.158 kr. á mán.\*



ATH!  
3 STK.  
Í BODI

**LASER-SETT**

94DW079PKH

Lasersett m/öllu tilheyrandi,  
sjálfstillandi laser, 1\*2,6Ah  
rafflaða. 1klst hleðslutæki.

+

FYLGHLUTASETT  
FYLGR FRÍTT MEÐ  
AÐ VERDMÆTI  
**24.900 kr.**

**199.900 kr.**

VAXTALAUST TIL 12  
MÁNADA SAMTALS  
**16.658 KR.**  
Á MÁN.



**BORÐSÖG + BORÐ**

94DW745 + 94DE7450

Borðsög 1700W 250\*30mm  
22kg, 3800 rpm ristir 41cm

+

FYLGHLUTASETT  
FYLGR FRÍTT MEÐ  
AÐ VERDMÆTI  
**24.900 kr.**

**94.900 kr.**

VAXTALAUST TIL 12  
MÁNADA SAMTALS  
**7.908 KR.**  
Á MÁN.



**KÍTTISBYSSA**

94DC540K

1\*2,6Ah, 12V, F/310ml túpur

+  
**LJÓSAHUNDUR**

**34.900 kr.**

eða 2.908 kr. á mán.\*



**SLEÐASÖG**

94DW5520KR

1300W, sleði fylgir 1,5m  
Max dýpt við 90° 59mm  
Blað 165mm

+

FYLGHLUTASETT  
FYLGR FRÍTT MEÐ  
AÐ VERDMÆTI  
**24.900 kr.**

**84.900 kr.**

VAXTALAUST TIL 12  
MÁNADA SAMTALS  
**7.075 KR.**  
Á MÁN.



**GEIRUNGSSÖG + VINNUBORÐ**

94DW718 + 94DE7023

Borðsög 1700W 250\*30mm  
22kg, 3800 rpm ristir 41cm

+

FYLGHLUTASETT  
FYLGR FRÍTT MEÐ  
AÐ VERDMÆTI  
**24.900 kr.**

**189.900 kr.**

VAXTALAUST TIL 12  
MÁNADA SAMTALS  
**15.825 KR.**  
Á MÁN.

**DEWALT**

**PAKKATILBOÐ**

Þú kaupir 200 skífur  
og færð frían DeWalt 1100W  
slípirokk með í kaupbæti

ÞÚ KAUPIR

**200**

SKÍFUR



=



FRÍR MEÐ!

**SINDRI**

\*Vaxtalaugar greiðslur bera færslugjöld,  
160 kr. á mánuði.

Tilboð gilda út febrúar eða á meðan  
birgðir endast. Öll verð eru með vsk.  
Birt með fyrirvara um prentvillur.

BYGGINGAÐEILD

VERSLANIR

VÉLAÐEILD

ÞJÓNUSTUÐEILD

www.sindri.is

sindri@sindri.is

Bæjarhraun 12 Hafnarfirði

Viðarhöfða 6 Reykjavík

Sími: 575 0000

## Ný ríkisstjórn í mótun

Jón Magnússon:

### Kvóta og verðtryggingu burt



„Það fer eftir málefnum, en við munum leggja áherslu á það að afnema kvótakerfið og við munum leggja áherslu á að afnema verðtrygginguna,“

segir Jón Magnússon, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins.

Aðspurður hvort slík markmið séu raunhæf ef boðað verður til kosninga í vor, segir Jón að þá sé bara verið að ræða um starfsstjórn. „Ef við viljum alvöru ríkisstjórn verður hún að vera til lengri tíma,“ segir Jón.



**STJÓRNARSLIT** Geir H. Haarde, fráfaramandi forsætisráðherra, tilkynnti fjölmiðlafólki að ríkisstjórnarsamstarfi hefði verið slitið eftir fund formanna stjórnarflokkanna á Alþingi í hádeginu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TILBOÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fráfaramandi utanríkisráðherra, sagði á fundi með fjölmiðlum eftir stjórnarslitin afstöðu forystu Sjálfstæðisflokksins til tilboðs Samfylkingarinnar hrokafulla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Embætti seðlabankastjóra:

### Samfylkingin nefnir þrjá kosti

Í það minnsta þrjár skoðanir eru uppi innan Samfylkingarinnar um hvernig ráðstafa skuli embætti formanns bankastjórnar Seðlabankans eftir að krafa flokksins um brotthvarf Davíðs Oddssonar hefur verið uppfyllt.

Nokkur eftirspurn er eftir Mía Guðmundssyni, starfsmanni Alþjóðagreiðslubankans, en hann var áður aðalhaf fræðingur Seðlabankans og þar áður efnahagsráðgjafi Ólafs Ragnars Grímssonar í fjármálaráðherra-tíð hans.

Talsverður vilji er til að auglýsa embættið laust til umsóknar með stífum hæfiskröfum og loks er sú skoðun uppi að leita beri til erlends sérfræðings um að taka embættið að sér.

- ss

- bps

Úttekt í breska Guardian:

### Geir ber ábyrgð á heimskreppu

Geir Hilmar Haarde forsætisráðherra er einn af 25 leiðtogum sem leiddu heiminn inn í kreppuna, samkvæmt úttekt breska blaðsins Guardian.

Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, er efstur á listanum, en hann hélt stýrivöxtum of lágum og dró um of úr regluverki, að mati blaðsins. Í öðru sæti er Bill Clinton, fyrrverandi forseti BNA. Honum er meðal annars gefið að sök að hafa leyft sameiningu viðskipta- og fjárfestingarbanka. Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, er í þriðja sæti, fyrir að hafa einblínt á fjármálageirann á kostnað annarra atvinnugreina.

- kóp

# Deila um ástæður slitanna

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar byrjaði með kossi og endaði með kossi. Um það eru formenn flokkanna sammála. Um ástæður þess að upp úr slitnaði eru hins vegar deildar meiningar. Sjálfstæðismenn segja Samfylkinguna margklofna og óstjórnætka. Samfylkingin sakar Geir H. Haarde um ákvarðanafælni.

## Samfylkingin er í tætlum

„Ég tel að Samfylkingin hafi ekki haft þrek til að ljúka þessu samstarfi með eðlilegum hætti og ganga til kosninga í vor,“ sagði Geir H. Haarde, fráfaramandi forsætisráðherra, þegar hann tilkynnti að stjórnarsamstarfinu væri lokið á fundi með fjölmiðlafólki í gær.

Hann og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem rætt var við í gær segja ábyrgðina á því hvernig fór algerlega á herðum Samfylkingarinnar.

„Ég ber ekki ábyrgð á því að Samfylkingin er í tætlum sem stjórnmalaflokkur,“ sagði Geir.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins segja að Samfylkingin hafi sífellt bætt við kröfum sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi orðið að verða við til þess að stjórnarsamstarfið héldi áfram. Gengið hafi verið að öllum kröfum þar til Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hafi krafist þess að fenginn yrði einhver utanaðkomandi aðili til að leiða ríkisstjórnina.

„Ég tel að Samfylkingin hljóti að hafa gert sér það ljóst að þessi krafa var með öllu óaðgengileg. Ég held að allir sem komu að því að móta þessa kröfu hafi vitað að henni yrði hafnað,“ segir Geir.

Undir það tekur Árni M. Mathiesen, fráfaramandi fjármálaráðherra. Hann segir stjórnina hafa fallið vegna innri átaka í Samfylkingunni sem hafi endurspeglast í óaðgengilegri kröfu til að knýja fram

stjórnarslit. Flokkurinn hafi í raun verið óstjórnætur.

„Það hefur verið erfitt að starfa með þessum sundurleita hóp sem Samfylkingin er, og engu líkara en það séu margir flokkar innan eins flokks,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðismenn segja að krafa Samfylkingarinnar hafi fram á síðustu stundu á sunnudag verið sú að utanaðkomandi aðili yrði fenginn til að taka við embætti forsætisráðherra.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að nöfn Þórolfssonar, Helgu Jónsdóttur og Dags B. Eggertssonar hafi öll verið nefnd. Nafn Jóhönnu Sigurðardóttur hafi ekki komið til tals fyrr en eftir þingflokksfund Samfylkingarinnar í gær.

„Það var enginn efnislegur ágreiningur milli flokkanna, en einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni að þessi lokakrafa hafi verið sett fram í þeim tilgangi að sprengja ríkisstjórnina,“ segir Þorgerður Katrín.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, tekur undir þetta, og segir að Samfylkingin hafi verið að leita að tylliástæðu til að slíta stjórnarsamstarfinu vikum saman.

brjann@frettabladid.is  
svanborg@frettabladid.is

## Óeining í Sjálfstæðisflokk

Það er hrokafull afstaða af hálfu Sjálfstæðisflokksins að hafna tilboði Samfylkingarinnar um stjórn undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í gær, eftir að forsætisráðherra hafði tilkynnt um stjórnarslit.

„Það þarf að vera mjög öflug og skýr forysta fyrir ríkisstjórninni við þær erfiðu aðstæður sem nú eru,“ sagði Ingibjörg. Hún segir afstöðu sjálfstæðismanna lýsa því best að flokkurinn sé valdakræfi sem hugsi fyrst og fremst um sjálf sig.

„Við höfum átt við það að etja á undanförunum mánuðum að Sjálfstæðisflokkurinn er eins og bandalag margra skæruliðahreyfinga, algerlega óstjórnætur flokkur,“ segir Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar.

Besta dæmið sé óeiningin innan Sjálfstæðisflokksins um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar hafi einn armur Sjálfstæðisflokksins notað Seðlabankann til að berjast gegn ríkjandi öflum í flokknum til að koma í veg fyrir þessa björgunaraðgerð.

Þingmenn Samfylkingarinnar segja breytingar hafa náð illa fram að ganga undir forystu Geirs H. Haarde, fráfaramandi forsætisráðherra. „Þjóðin hefur séð þetta dugleysi og þennan doða og

það er einfaldlega komið nóg,“ segir Árni Páll.

Undir það tekur Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Hún segir að vantað hafi að taka af skarið, og ákvarðanir hafi velst um lengi hjá sjálfstæðismönnum.

„Ég held að þessi ákvarðanafælni hafi verið svo áberandi undanfarnar vikur og mánuði að það hafi ekki verið búandi við þetta lengur,“ segir Steinunn Valdís.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, segir sjálfstæðismenn hafa sýnt af sér algert forystuleysi allt frá fjármálahruninu í október. Samfylkingin hafi þrýst á breytingar, en ekki sé hægt að biða lengur eftir því að forsætisráðherra taki af skarið.

„Við höfum lagt á það ríka áherslu að það verði breyting á stjórn Seðlabankans. Það gekk ekki eftir og við höfum sýnt mikið langlundargeð í því efni,“ segir Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

Þá hafi Samfylkingin lagt fram ýmsar hugmyndir um hvað megi gera til að aðstoða heimili og fyrirtæki, sem hafi þynnst verulega út á borði sjálfstæðismanna. Katrín segir að útséð hafi verið að Samfylkingin hafi getað náð meiru út úr samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.

brjann@frettabladid.is  
svanborg@frettabladid.is

TILKYNNING UM

## SÖLUMEDFERÐ Á ÁRVAKRI HF.

Árvakur hf., útgáfufélag Morgunblaðsins, hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Nýja Glitnis banka hf. að annast ráðgjöf og formlegt ferli sem lýtur að öflun hlutafjár fyrir félagið.

Tilboðum skal skilað til bankans eigi síðar en kl. 16.00, mánudaginn 2. febrúar 2009.

Nánari upplýsingar verða aðgengilegar á vef Nýja Glitnis undir slóðinni

www.glitnir.is/soluferli frá kl. 9.00 þriðjudaginn 27. janúar 2009.

GLITNIR

Stjórnmalafraeðingur um stjórnarslitin:

## Óaðgengileg krafa Samfylkingarinnar

„Stjórnarsamstarfið strandar á þeirri kröfu Samfylkingarinnar um að fá forsætisráðherrastólinn í sínar hendur,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmalafraeði við Háskóla Íslands.

„Það var mjög djarft spil hjá Samfylkingunni að setja þessa kröfu fram, því hún var í raun óaðgengileg fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði gengið að þessari kröfu og ríkisstjórnin hafi verið leidd af Samfylkingunni, þá hefði Sjálfstæðisflokkurinn verið að viðurkenna það að hann hafi ekki staðið sig í stykkinu á síðastliðnum rúmlega hundrað dögum og að



BALDUR ÞÓRHALLSSON

forystumenn Samfylkingarinnar væru í raun betur til þess fallnir að leiða stjórnarsamstarfið.“

Baldur segir að því hafi verið nær ómögulegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að ganga að kröfu Samfylkingarinnar um breytingar í forsætisráðuneytinu.

Hann telur ólíklegt að samstaða náist um þjóðstjórn, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi þegar hafnað boði Samfylkingar um að Jóhanna Sigurðardóttir leiði ríkisstjórnarsamstarfið. Þá hafi Samfylkingin hafnað því að vera í ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins.

- ss



# BT

# VAXTALAUS TILBOÐ !!!

## 20.000 AFSLÁTTUR!!

Upplausn 1366x768  
Birtustig 500 cd/m2  
Skerpa 25.000:1, Dynamic  
Viðbragðstími 8ms  
Sjónarhorn 176°  
3 HDMI tengi  
Hátalar 2 x 10 W RMS

0%  
VEKTIR

Verð frá:  
**11.158**  
12 mánaða vaxtalaust



• **129.999**

• ~~149.999~~

### ÖLL SJÓNVÖRP Á ÚTSÖLU!!

## DVD MYNDIR FRÁ 99 KR! TÖLVULEIKIR FRÁ 199 KR!

### 10.000 AFSLÁTTUR!!

### HDMI TENGI!!

### 10.000 AFSLÁTTUR!!



LG HEIMABIÓ  
HT 303SV

0%  
VEKTIR

• **24.999**

• ~~34.999~~



PHILIPS HEIMABIÓ  
HTS3164

0%  
VEKTIR

• **29.999**

• ~~39.999~~



SONY

SONY 32" LCD  
KDL-32S4000  
Sony Bravia myndvél  
Upplausn 1366x768  
Birtustig 450 cd/m2

Dynamic skerpa 30.000:1  
Viðbragðstími 8ms  
Sjónarhorn 178°  
3 HDMI tengi

0%  
VEKTIR

• **179.999**

• ~~189.999~~

Verð frá:  
**15.450**  
12 mánaða vaxtalaust



SONY

SONY 40" LCD  
KDL-40S4000  
Sony Bravia myndvél  
Upplausn 1920x1080  
Birtustig 450 cd/m2

Dynamic skerpa 33.000:1  
Viðbragðstími 8ms  
Sjónarhorn 178°  
3 HDMI tengi

0%  
VEKTIR

• **299.999**

• ~~319.999~~

Verð frá:  
**25.750**  
12 mánaða vaxtalaust

## Ný ríkisstjórn í mótun

## Þingvallastjórnin liðin undir lok

Tuttugu mánaða ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lauk í gær. Stjórnin hafði óvenjumikinn þingmeirihluta en eftir að fjármálakreppan skall á og forsendur breyttust fjaraði undan samstarfinu. Fréttablaðið stiklar á stóru í sögu stjórnarinnar.



KOSSINN Á ÞINGVÖLLUM Formenn stjórnarflokkanna innsigliðu stjórnarsamstarfið með kossi á Þingvöllum í maí 2007. Tæpum tveimur árum síðar kysstust þau aftur, en í þetta sinn í kveðjuskygni.


FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



## Átt þú möguleika á ÓKEYPIS starfsnámi?

NTV veitir nú 25% afslátt til allra skjólstæðinga vinnumálastofnunar

Dæmi: Nám sem kostar 199.000 - Fjöldi námsleiða í boði



UPPLÝSINGAR Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 - KÓPAVOGI - SÍMI 544 4500 - WWW.NTV.IS

## 2007

■ **22. maí:** Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar mynduð á Þingvöllum eftir nokkurra daga umræður. Þingmeirihlutinn er ógnarsterkur. Ríkisstjórnin gerir veigamiklar breytingar á skipun og verkefnum ráðuneyta.

■ **6. júlí:** Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tilkynnir að þorskkvóti verði skorinn niður um 63 þúsund tonn í samræmi við tillögur Hafró. Ríkisstjórnin boðar mótvægisáðgerðir, sem mörgum finnst duga skammt.

■ **11. sept:** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lýsir yfir að Ísland sé ekki lengur á lista „hinna staðföstu þjóða“ sem studdu innrásina í Irak.

■ **14. des:** Málþófsréttur afnuminn og ræðutími þingmanna stuttur með frumvarpi um þingsköp Alþingis, sem samþykkt er af öllum þingmönnum nema vinstri grænum.

■ **21. des:** Árni Mathiesen, settur dómismálaráðherra, skipar Þorstein Davíðsson í embætti dómara. Skipanin er harðlega gagnrýnd. Umboðsmaður Alþingis kemst síðar að þeirri niðurstöðu að skipanin hafi verið á svig við góða stjórnisýsluhætti.

## 2008

■ **13. mars:** Kjör aldraðra og öryrkja eru bætt þegar frumvarp um almannatryggingar og málefni aldraðra verður að lögum.

■ **17. mars:** Krónan fellur um sjö prósent. Upphaf fjármálakreppunnar sem ríður bönkunum að lokum að fullu.

■ **19. mars:** Björn Bjarnason dómismálaráðherra boðar skipulagsbreytingar á löggæslustörfum á Suðurnesjum. Jóhann Benediktsson lögreglustjóri ásamt þremur öðrum lykilstarfsmönnum hjá embættinu óska eftir lausn frá störfum í framhaldinu.

■ **2. apríl:** Evrópunefnd forsætisráðherra tekur til starfa.



■ **2. apríl:** Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fara á leiðtogafund NATO í Búkarest. Gagnrýnt er að þau fljúga utan með leiguþotu en ekki með áætlunarflug.

■ **16. apríl:** Frumvarp utanríkisráðherra um varnarmál er samþykkt á Alþingi. Ný stofnun, Varnarmálastofnun, er sett á laggirnar til að reka mannvirki NATO og sjá um varnaræfingar.

■ **19. maí:** Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, úthlutar fjörutíu dýra hrefnuveiðkvóta í óþökk Samfylkingar.

■ **25. maí:** Þingvallastjórnin eins árs. Stjórnarandstaðan gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að koma litlu í verk og vera ósamstiga. Geir H. Haarde segir að um áttatíu prósent mála stjórnarsáttmálsins séu annaðhvort frá eða í vinnslu.

■ **4. sept:** Ríkissjóður tekur 30 milljarða króna lán til að efla gjaldeyrisforðann.

■ **5. sept:** Árni Mathiesen fjármálaráðherra stefnir Ljósmeðrafélagi Íslands vegna fjöldauppsagna. Sátt náðist í deilunni og var fallið frá stefnunni.



■ **10. sept:** Frumvarp um sjúkratryggingar verður að lögum. Með þeim verða öll verk innan heilbrigðisþjónustunnar kostnaðargreind og fjármagn mun fylgja sjúklingum milli stofnana. Frumvarpið var gagnrýnt fyrir að vera dulþiín einkavæðing.

■ **24. sept:** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir greinist með góðkynja mein í höfði.

■ **29. sept:** Glitnir þjóðnýttur. Íslenska ríkið eignast 75 prósent hlut í Glitni.

■ **6. okt:** Neyðarlög sett á Alþingi um víðtækar heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngripa í íslenskt fjármálakerfi.

■ **8. okt:** Bretar beita hryðjuverkalögum gegn Íslendingum vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi.

■ **17. okt:** Ísland tapar kosningu um setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

■ **24. okt:** Ríkisstjórnin óskar formlega eftir samstarfi við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn (AGS) um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi.

■ **1. nóv:** Undirbúningi nýs álvers á Bakka frestað í ljósi efnahagsaðstæðna.

■ **14. nóv:** Ríkisstjórnin tilkynnir um aðgerðir fyrir heimili í vanda í tíu liðum.

■ **19. nóv:** Stjórn AGS samþykkir tveggja milljarða króna lán að uppfylltum ströngum skilyrðum.

■ **24. nóv:** Vantrauststillaga borin fram á hendur ríkisstjórninni á Alþingi. Hún er felld.

■ **22. des:** Ný eftirlunalög samþykkt. Ekki nóg að gert, segja sumir.

## 2009



■ **7. jan:** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra tilkynnir um 1.300 milljarða niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og uppstokkun.

■ **21. jan:** Samfylkingarfélagið í Reykjavík ályktar að slíta skuli stjórnarsamstarfinu og boða til kosninga.

■ **23. jan:** Geir H. Haarde upplýsir að hann hafi greinst með illkynja krabbamein í vélinda. Hann hafi lagt til að boðað verði til kosninga í maí.

■ **25. janúar:** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra tilkynnir afsögn sína.

■ **26. jan:** Sjálfstæðisflokkur og Samfylking ákveða að slíta ríkisstjórnarsamstarfi.

**KAUPHÖLL ÍSLANDS** [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 78 **Velta:** 186 milljóni  
**OMX ÍSLAND 15** **OMX ÍSLAND 6**  
 319 **+1,24%** 879 **+1,97%**

**MESTA HÆKKUN** **MESTA LÆKKUN**  
 ↑ **STRAUMUR B.** +15,45% ↓ **ÖSSUR** -1,45%  
**FØROYA BANK** +0,89% **BAKKAVÖR** -0,49%  
**ICELANÐAIR G.** +0,08%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,90 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 570,00 +0,00% ... Bakkavör 2,04 -0,49% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,29 +0,00% ... Føroya Banki 114,00 +0,89% ... Icelandair Group 13,31 +0,08% ... Marel Food Systems 65,10 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,42 +15,45% ... Össur 95,10 -1,45%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN [nagnar.is](http://nagnar.is)

**Efnahagskreppan rædd í Davos**

Forkólfar heimsins á ýmsum sviðum, alls 2.500 manns, tygja sig fyrir ársfund Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) í bænum Davos í Sviss sem hefst á morgun. Hún stendur fram á sunnudag.

Efnahagskreppan og aðgerðir til að endurbyggja hagkerfi heimsins að henni undangenginni eru helstu mál á dagskrá.

Breska viðskiptablaðið Financial Times segir hremmingar undanfarna mánuða setja mark sitt á fundinn og verði hann á lágstemmdari nótum en fyrri ár. Bandaríski fjárfestingabankinn Goldmans Sachs, sem haldið hefur bestu veislurnar fram til þessa, sendir færri fulltrúa í ár og hefur blásið teiti sitt af auk þess sem morgunverðarfundur með John Thain,

fyrirverandi forstjóra Merrill Lynch, var tekinn af dagskrá eftir að honum var sparkað í síðustu viku.

Á meðal þátttakenda eru Bill Gates, stofnandi og fyrirverandi forstjóri bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, sem situr ráðstefnuna fyrir hönd styrktarsjóðs hans og konu hans.

Tveir Íslendingar taka þátt í ráðstefnunni í ár, en það eru þeir Björgólfur Thor Björgólfsson, athafnamaður og stjórnarformaður Straums, og Jón Stephenson von Tetzchner, stofnandi og forstjóri norska vafrafyrirtækisins Opera Software. Þetta er annar ársfundurinn sem Björgólfur situr en í fyrra var hann þar í félagsskap listamannsins Ólafs Elfássonar.



**DAGSKRÁNNI FLAGGAÐ** Klaus Schwab, stofnandi og framkvæmdastjóri Alþjóðaefnahagsráðsins, kynnti sneisafulla dagskrá samtakanna í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Unnið að endurfjármögnun**

Icelandair Group vinnur að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins í samstarfi við viðskiptabanka sinn, sem er Nýi Glitnir.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON**  
Forstjóri Icelandair Group.

Fram hefur komið í ársfjórðungsgjörum Icelandair Group að félagið hafi verið með víxla að fjárhæð 2,5 milljarðar króna á gjalddaga 23. janúar síðastliðinn. Í tilkynningu félagsins í gær kemur fram að samið hafi verið við Nýja Glitni um endurfjármögnun á víxlunum til þriggja mánaða. „Að undanfögnu hefur verið unnið að endurskipulagningu á fjármagnskipan samstæðunnar og á næstu þremur mánuðum er gert ráð fyrir að ljúka þeirri vinnu. Markmið endurskipulagningarinnar er að aðlaga endurgreiðsluferli skulda að greiðslugetu samstæðunnar til lengri tíma,“ segir í tilkynningu félagsins. - óká

**Fá framlengdan frest út febrúar**

Sparisjóðabanki Íslands (áður Icebank) hefur fengið frest til 28. febrúar til að leggja fram frekari tryggingar í kjölfar veðkalls sem Seðlabanki Íslands sendi bankanum undir lok október síðastliðins.

„Unnið er að því að afla samþykkis annarra stærstu lánveitenda bankans fyrir jafnlöngum fresti, en þeir lánveitendur eru aðallega erlendir bankar. Að undanfögnu hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu bankans með framangreindum aðilum og mun sú vinna halda áfram næstu vikurnar,“ segir í tilkynningu bankans til Kauphallar í gær.

Jafnframt kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi sömuleiðis veitt bankanum jafnlangan frest til að koma eiginfjárgrunni sínum aftur í það horf að hann uppfylli skilyrði laga um fjármálafyrirtæki. - óká

**Fjármálaráðgjöf fyrir þig**



ISLENSKA SÍLIS KAUF 44539 01/09

Kynntu þér úrræðin



Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Stöðumat
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Úrræði í greiðsluferfiðleikum
- Sparnaðarleiðir
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

**LYFJAVER APÓTEK**

**NICOTINELL**

JANÚARTILBOÐ: **VERÐ 4.459.-** FRUIT, 204 stk.

**LYFJAVER - VERÐPRESSARINN!**

**SUÐURLANDSBRAUT 22**

VIRKA DAGA 08:30 - 18:00  
LAUGARDAGA 10:00 - 14:00

HLETTIÐKJÓM JAN 05





#### Mazda5 Touring

39% afsláttur



2,0 bensín beinskiptur 7 manna  
Skyggðar afturmúður  
Fast númer PL349  
Skrd. 10/2005. Ek. 116.000 km.  
Ásett verð 1.780.000 kr.  
Afsláttur 700.000 kr.  
Tilboðsverð 1.080.000 kr.

#### Mazda6 Touring

31% afsláttur



2,0 bensín sjálfskiptur station  
Fast númer VY817  
Skrd. 10/2006. Ek. 70.000 km.  
Ásett verð 2.580.000 kr.  
Afsláttur 790.000 kr.  
Tilboðsverð 1.790.000 kr.

#### Mazda3 Touring Plus

31% afsláttur



1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra  
Vindskeið  
Fast númer KK755  
Skrd. 04/2006. Ek. 41.000 km.  
Ásett verð 2.290.000 kr.  
Afsláttur 700.000 kr.  
Tilboðsverð 1.590.000 kr.

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði.  
Hringdu núna í síma 515-7000.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins í dag. Komdu í Brimborg

# Við erum á tánum í dag - fyrir þig

## Semdu við okkur um verð.



### Fáðu þér notaðan bíl hjá Mazda í dag, Bíldshöfða 8.

*selja gamla*

*kaupa nýjan notaðan*

## Áfram Ísland:

- Nýtum það sem við eigum;
- Endurnýtum gjaldeyrinn;
- Kaupum notaðan bíl;
- Komdu í Brimborg í dag.

### Fáðu þér notaðan bíl hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8.



#### Citroën C3 SX

25% afsláttur



1,4 bensín beinskiptur 5 dyra  
Hraðastillir, bakkskynjari oil.  
Fast númer LX369  
Skrd. 08/2005. Ek. 43.000 km.  
Ásett verð 1.580.000 kr.  
Afsláttur 390.000 kr.  
Tilboðsverð 1.190.000 kr.

#### Citroën C5 SX

30% afsláttur



2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra  
Fast númer NH322  
Skrd. 02/2005. Ek. 47.000 km.  
Ásett verð 2.140.000 kr.  
Afsláttur 650.000 kr.  
Tilboðsverð 1.490.000 kr.

#### Citroën C4 SX Saloon

25% afsláttur



1,6 bensín beinskiptur 5 dyra  
Fast númer OS893  
Skrd. 06/2005. Ek. 37.000 km.  
Ásett verð 1.860.000 kr.  
Afsláttur 470.000 kr.  
Tilboðsverð 1.390.000 kr.

Fjöldi annarra Citroën bíla í boði.  
Hringdu núna í síma 515-7000.



Öruggur staður til að vera á



**FORELDANÁMSKEIÐ** verða haldin reglulega næstu mánuði á vegum Miðstöðvar heilsuverndar barna undir yfyrskriftinni Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar. Fyrsta námskeiðið verður 3. til 24. febrúar.



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

**ÚTSALA**

**Patti húsgögn**

VALDAR VÖRUR MED ALLT AÐ

**80% AFSLÆTTI**

SÓFASETT 3+1+1

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / [www.patti.is](http://www.patti.is)  
Opnunartími: Mánudaga - Fostudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

MaxMara MARINA RINALDI

**ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR**

MaxMara Hverfisgötu 6 • 101 Reykjavík • Sími 562 2862

**Castello** PIZZERIA

**40% afsláttur af sóttum pizzum**

Tilboðið gildir frá 27. Jan – 5. feb

Skoðaðu matseðilinn okkar á [www.castello.is](http://www.castello.is)

Opnunartími  
Sunnud. - fimmtud. 11-01  
Föstud. og laugard. 11-03

Castello - Pizzeria  
Dalvegi 2  
201 Kópavogur  
Sími 577 3333



Jón Örvar, efst til vinstri, ásamt hluta sundliðs Styrmis sem æfir öll mánudags- og fimmtudagskvöld í Laugardalslaug.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Gott fyrir sjálfstraustið

Jón Örvar Gestsson er meðlimur í sundliði Styrmis, fyrsta íslenska sundliðinu sem eingöngu er skipað samkynhneigðum. Hann stefnir á þátttöku í World Outgames, alþjóðaleikum samkynhneigðra, á árinu.

„Ég er búinn að vera að þessu síðan í september á síðasta ári og hef á þeim tíma eignast fullt af góðum vinum, enda félagsskapurinn alveg frábær,“ segir háskólaneminn Jón Örvar Gestsson, sem er í sundliði Styrmis, fyrsta íslenska sundféluginu sem eingöngu er skipað samkynhneigðum.

Jón Örvar, sem er 24 ára, segist hafa æft sund og frjálshar íþróttir lengi framan af en svo hafi hann líkt og margir flosnað upp úr þeim á unglingsárunum. Hann hafi svo tekið upp þráðinn eftir að hafa komist í kynni við strákaliðið Styrmi, fótboltalið sem var stofnað árið 2006 til að hvetja samkynhneigða karlmenn til íþróttapátttöku, og síðan gerst meðlimur í sundfélagi þess sem var stofnað í september árið 2008.

En af hverju er þörf á sundfélagi sem er sérstaklega ætlað samkynhneigðum? „Það er gott að finna fyrir stuðningi, hann eflir sjálfstraustið,“ útskýrir Jón Örvar og bætir við: „Síðan var þetta leið fyrir mig til að kynnst samkynhneigðu fólki á öðrum grundvelli en í námi eða á djammínu. Þar fyrir utan er sund bara mjög skemmtileg íþrótt sem tekur á öllum vöðvum og heldur manni í góðu andlegu og líkamlegu formi.“

Hópurinn, sem í er allt að átján manns frá tvítugu upp í 35 ára, æfir tvisvar sinnum í viku í Laugardalslauginni undir stjórn þauvarnar sundkonu sem er jafnframt enn sem komið er eina stúlkan í liðinu. Að sögn Jóns Örvars er fullt tillit tekið til getu hvers og

eins, þar sem allir fá ráðleggingar um hvernig þeir geti bætt sig og er fjölbreytnin höfð í fyrirrúmi. Þótt aðalmálið sé að hafa gaman af ætla liðið engu að síður að taka þátt í World Outgames, alþjóðlegum íþróttaleikum samkynhneigðra, sem fara fram í Kaupmannahöfn dagana 25. júlí til 2. ágúst á þessu ári. Jón Örvar ætlar ekki að láta sitt eftir liggja.

„Ég ætla að skella mér út, en við ætlum að fjölga æfingum fram að leikunum til að vera vel undirbúin. Það er gott að fá tækifæri til að keppa og svo er fínt að sjá og upplifa hversu áberandi samkynhneigðir eru í íþróttum um allan heim. Við eigum líka ágætismöguleika á að ná langt þar sem gott fólk skipar liðið, þótt aðalmálið sé að taka þátt.“

roald@frettabladid.is

**LYFJA** – Lifð heil

**20% verðlækkun+**  
KARBOLBOKKER Kolvetnabani, 120 töflur. Minnkar hungurtilfinningu og hindrar upptöku kolvetna í líkamanum.  
~~2.518 kr.~~ **1.998 kr.**

**20% verðlækkun+**  
VOLTAREN EMULGEL  
~~2.800 kr.~~ **1.824 kr.**

Af hverjum seldum mæli renna 500 kr. til Hjartaheilla.

**15% verðlækkun+**  
MICROLIFE BLÓÐPRÝSTINGSMÆLIR  
Sjálfvirkur blóðprýstingsmælir, einfaldur í notkun og nákvæmur. Minni: 30 niðurstöður.  
~~16.780 kr.~~ **9.926 kr.**

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

**Lægra verð í Lyfju**

+ Gildir til 8. 2. 2009



Nýkomnir glæsilegir dömuskór úr leðri með skinnfóðri. Litir: rautt, grátt og svart. Stærðir: 37 - 41. Verð: 14.450

Þessir eru líka flottir úr leðri og með skinnfóðri. Litir: Svart og rautt. Stærðir: 36 - 41. Verð: 9.865.-

Fallegir dömuskór á nettum hæl. Leður og skinnfóðraðir. Litur:svart. Stærðir: 36 - 41. Verð: 9.865.-

**Misty skór**  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070  
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14  
[www.misty.is](http://www.misty.is)

Auglýsingasími  
512 5447

**ALLT**

## Förum stutt á felgunni

Heilbrigðir fætur eru grundvöllur að almennri vellíðan. Helga Stefánsdóttir fóttaaðgerðafræðingur segir rétt val á skóm lykilatriði að heilbrigðum fótum og mælir með því að fólk gangi í ullarsokkum.

„Það kemur mér oft á óvart hvað fólk er illa upplýst um hvað það getur gert til að fyrirbyggja fótamein,“ segir Helga Stefánsdóttir fóttaaðgerðafræðingur á Fóttaaðgerðarstofu Reykjavíkur. „Fólk velur sér yfirleitt of litla skó og það skapar núningssár, liðir verða krepptir og líkþorn myndast. Við getum tekið líkþornin en þau koma aftur ef fólk fer aftur í sama skóinn. Einnig geta sveppir myndast í nöglum vegna lélegs blóðflæðis í tánum.“

Helga bendir á að skóstærð breytist með árunum og fæturnir verði meiri umfangs.

„Við þurfum að geta vingsað tánum inni í skónum. Sumir þurfa líka innlegg eða tábergspúða sem rétta rangstöðu á fætinum.“

Fylgjast þarf með slitni innan í skónum og ójöfnum sem geta sært. Mikilvægt er að skipta reglulega um skó til að leyfa skónum að anda en örverur geta lifað inni í lokuðum skóm og leiðinleg lykt myndast. Helga mælir með því að þrifa skó reglulega að innan og setja þá jafnvel í plastpoka í frystinn til að drepa örverur. Hún mælir með því að ganga í sokkum innan í skónum en ekki hvaða sokkum sem er.

„Fæturnir verða rakir í bómullarsokkum. Ullin er betri því hún andar en við leggjum áherslu á að fólk sé í stuðningssokkum. Bláæðarnar flytja blóðið úr fót-



Helga Stefánsdóttir er fótameinafræðingur og annar eigandi Fóttaaðgerðarstofu Reykjavíkur. Hún veitir ráðgjöf í skóversluninni Íljaskinn á fimmtudögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

unum á móti þyngdarafllinu og ef við hreyfum okkur lítið þenjast þær út af blóði og bjúgur safnast upp. Stuðningssokkarnir þrýsta á svo blóðið gengur hraðar upp. Þeir eru sérstaklega hentugir fyrir fólk sem situr mikið við tölvur og eldra fólk.“

Helga ráðleggur fólk að klippa táneglurnar eftir það þegar þær eru mjúkar. Klippa þvert fyrir og rúnna endana svo þeir stingist ekki inn í kjöt. Hún segir mikilvægt að þurrka vel milli tánna eftir það og mælir ekki með því

að smyrja kremi milli tánna.

„Best er að halda svæðinu alveg þurru og svo er gott eftir sturtuna að kæla fæturna niður, þá halda þeir ekki áfram að svitna þegar komið er í sokkana. Það getur eyðilagt lífsgæði fyrir fólk að líða illa í fótunum og huga ekki að skófatnaði. Þetta er alveg eins og með dekkinn á bílnum, maður kemst ekki langt á felgunni.“

Helga veitir ókeypis ráðgjöf alla fimmtudaga í skóversluninni Íljaskinn í Miðbæ á Háaleitisbraut.

heida@frettabladid.is

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

**Heilsuvörumarkaður**

Opið virka daga kl. 10-20  
laugardaga kl. 10-17

**maður lifandi**  
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6  
[www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)

27. jan. Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig næ ég jafnvægi?  
Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi

03. feb. Hvað er heilun?  
Kristján Viðar Haraldsson ráðgjafi

07. feb. Hláturfundur Hláturkættikúbsins  
Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari

10. feb. Mataræði fyrr og nú - Næring í viðari skilningi  
Haraldur Magnússon osteópati

12. feb. Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?  
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
[www.hreysti.is](http://www.hreysti.is)

System belti fyrir kvíðnæva dæmu / herra kr. 29.900.-

Heimir Karlsson

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Aðeins 2.990 kr. á mann á mánuði fyrir þig og vin þinn í eitt ár.

\* Skuldbinding í ár.

Heilsuakademían í Egilshöll - frábær tækjasalur, opnir tímar og landsins mesta úrval námskeiða  
[www.heilsuakademian.is](http://www.heilsuakademian.is) - sími: 594 9666

**Útsala**

30 - 50% afsláttur af völdum vörum.

**Selena**

Síðumúli 3, S. 553-7355  
Opíð virka daga kl: 11-18, laugard. 11-15

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki

Auglýsingasími  
512 5473

**ALLT**

**Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?**

Sjálfbóðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 28. janúar kl. 16-18.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafðu samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626  
[kopavogur@redcross.is](mailto:kopavogur@redcross.is) • [redcross.is/kopavogur](http://redcross.is/kopavogur)









KELLY OSBOURNE ER 25 ÁRA Í DAG

„Ég held að mamma mín sé sú orðljótasta manneskja sem ég hef nokkurn tímann hitt.“

Kelly Osbourne er dóttir hjónanna Sharon og Ozzy Osbourne en fjölskyldan gerði garðinn frægan í raunveruleikabáttum fyrir skemmstu þar sem fjölskyldumeðlimir skiptust á úkyrdum.



## tímamót

tíamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 27. JANÚAR ÁRIÐ 1907

## Kvenréttindafélag Íslands stofnað

Kvenréttindafélag Íslands eru ein elstu félagsamtök á Íslandi sem hafa starfað óslitið frá stofnun þess. Félagið var stofnað árið 1907 á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur en hún hafði verið áberandi í málefnum kvenna hér á landi.

Bríet var í samskiptum við kvenréttindafélag í Bandaríkjunum, Kaupmannahöfn og víðar og hafði meðal annars fylgst með stofnun alþjóðastofnunar kvenréttindafélaga í Berlín árið 1904.

Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var að vinna að kosningarétti og kjörgengi kvenna. Félagið bauð meðal annars fram lista til bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík og lagði áherslu á stjórnsmáalegt jafnrétti, að konur hefðu jafnan kosningarétt á við karla og jafn-

an rétt til atvinnu og í skipan embættu. Í fyrstu stjórn sátu Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Sigríður Hjaltdóttir Jenson, Guðrún Pétursdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Laufey Vilhjámsdóttir. Félagið beitti sér fyrir málefnum kvenna og var Bríet tíður gestur á þöllum Alþingis þegar mál sem snertu stöðu kvenna voru til umfjöllunar. Kvenréttindafélagið hafði afskipti af líknarmálum og var á meðal þeirra félaga sem unnu að stofnun Landspítalans og byggingu hans.

Félagið stofnaði jafnframt Mæðrastyrksnefnd í samvinnu við fleiri félög. Á hundrað ára afmæli félagsins var minnisvarði um Bríeti reistur á fæðingarstað hennar í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu.



### MERKISATBURÐIR:

- 1606 Réttarhöld vegna sam-særis um að drepa Jakob I. Englandskonung og fleiri háttsetta með því að sprengja upp þingið hefjast.
- 1880 Thomas Alva Edison sækir um einkaleyfi fyrir raflampa.
- 1940 Þjóðargrafreiturinn á Þingvöllum vígður við útför Einars Benediktssonar.
- 1957 Sýning á listaverkum og bókum kvenna opnar í Þjóðminjasafni Íslands í tilefni af 50 ára afmæli Kvenréttindafélags Íslands.
- 1993 Donald Feeney og James Brian Grayson handteknir eftir að hafa haft dóttur Graysons og systur hennar á brott á hóteli í Reykjavík.



UPPGRÖFTUR Úrval gripa frá fornleifauppgrofti á árunum 2001 til 2005 verður til sýnis á sýningunni Endurfundur í Þjóðminjasafni Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sögulegir gripir í sviðsljósinu

Úrval gripa sem fundust við fornleifarannsóknir á ýmsum af helstu sögustöðum þjóðarinnar á árunum 2001 til 2005 verður í brennidepli á sýningunni Endurfundur, sem opnuð verður í Myndasafni Þjóðminjasafns Íslands 31. janúar.

Auk gripanna verður hægt að skoða myndasýningar frá uppgreftinum, boðið verður upp á fræðsluspor fjölskyldunnar um sýninguna, hljóðleiðsögn og ýmislegt fleira fyrir yngstu gestina.

Hugmyndin að sýningu

og sýningarrými byggir á endurfundum við sam-evrópska menningu á Íslandi, með klaustrið sem miðstöð kristinnar íhugunar og menningarstarf í brennipunkti. Rýmismyndunin á að minna á klausturgarð og krossgang í klastrum þar sem ferningslaga garðrymi er í miðju, umlukið bogagöngum.

Þess skal getið að fornleifarannsóknirnar voru styrktar af Kristnihátíðarsjóði, sem var meðal annars stofnaður til að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar.



FLYTJENDUR Elisabet Waage, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Martial Nardeau og Sigurður Bjarki Gunnarsson

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

MOZART: AFMÆLISDAGSKRÁ MEÐ TÓNUM OG TALÍ Á KJARVALSSTÖÐUM

## Til í allt nema meðalmennsku

Tónleikar til heiðurs Mozart verða haldnir í kvöld á Kjarvalsstöðum en tónskáldið fæddist þennan dag árið 1756. Dagskrá tals og tóna hefst klukkan 20 en þau verk sem flutt verða eru divertimento fyrir fiölu, víólu og selló, kvartett fyrir flautu og strengi í C-dúr og glæný útsetning eftir Derek Smith á konsert fyrir flautu og hörpu. Laufey Sigurðardóttir fiöluleikari hefur haldið utan um tónleikana undanfarin ár og mun Einar Jóhannesson klarínnettuleikari spjalla um tónskáldið og verkin sem verða flutt.

„Af miklu er að taka eftir þessa stuttu starfsævi Mozarts,“ segir Laufey. „Það er því langt í að við förum að endurtaka eitthvað. Þarna verður spilaður í fyrsta skipti hér á landi, flautu og hörpukonsert í nýrri útsetningu fyrir flautu og hörpu og þrjá strengi. Þetta verður eins og kammermúsík en það hefur verið eitt af markmiðunum á þessum degi að koma með eitthvað skrítið ásamt því að spila sigild verk. Einar mun tala fyrir og eftir hlé og ég á von á því að hann komi með persónulegan fróðleik um tónskáldið,“ segir Laufey.

„Jú, ég verð ekki mikið af fræðilegum nótum heldur miðla meira af mínum reynsluheimi en sem klarínnettuleikari hef ég lifað með Mozart þar sem hann var aðdáandi hljóðfæringsins,“ útskýrir Einar. „Ég kom að tónleikum fyrst í fyrsta og fékk þá að spila fallett trío fyrir víólu, klarínnett og píanó. Laufeyju hefur líkað það vel því hún hringdi í mig og sagði að nú þyrfti ég ekkert að spila, bara tala,“ segir hann hlæjandi og viðurkennir að hafa ekkert list á að taka að sér hlutverk kynnis sem Þorsteinn Gylfason hafði sinnt undanfarin ár. „Ég reyni ekki að fara í hans fót en það er heiður að fá að reyna sig.“

Laufeyju og Einari ber saman um að tónleikarnir í kvöld verði áhugaverðir og búast ekki við að tónskáldið snúi sér við í gröfni yfir nýrri útsetningu á verkum sínum. „Það er áhugavert að heyra verk í nýjum útsetningum og ég held að Mozart hefði ekkert haft á móti því, hann var til í allt nema meðalmennsku,“ segir Einar.

Flytjendur á tónleikumunum eru Laufey Sigurðardóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Sigurður Bjarki Gunnarsson, Martial Nardeau, Elisabet Waage og Einar Jóhannesson kynnir. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

heida@frettabladid.is



Á PERSÓNULEGUM NÓTUM Einar Jóhannesson klarínnettuleikari mun spjalla um tónskáldið og verkin sem flutt verða á Kjarvalsstöðum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Elskulegur faðir okkar,

**Andrés Kolbeinsson,**  
hljóðfærileikari og ljósmyndari,

verður jarðsungið frá Áskirkju þriðjudaginn 27. janúar og hefst athöfnin kl. 13.00.

Kolbeinn Andrésson

Helga Andrésdóttir

Hildur Kolbrún Andrésdóttir



Þökkum innilega öllum þeim er sýndu okkur hlýðug, kærleik og vináttu við andlát og útför sonar míns, bróður okkar, mágs og frænda,

**Indriða Inga Styrkárssonar.**

Sérstakar þakkar færur við starfsfólki 11E og heimahjúkrun Landspítalans fyrir frábæra umönnun, stuðning og aðlið á meðan á veikindum hans stóð.

Laila Andrésson

Alfred Júlíus Styrkársson

Sigurður Eiríkur Styrkársson

Ingibjörg Hanna

Sigurðardóttir

Alexandra Inga

Alfredsdóttir

Elisabet Þórisdóttir

NAFNIÐ MITT: VERA SÖLVADÓTTIR

# Hefur tekið nafnið fullkomlega í sátt

Kvikmyndagerðarkonan Vera Sölvadóttir var ekki sérlega ánægð með nafnið sitt þegar hún var lítil.

„Ég vildi helst heita venjulegra nafni og langaði mest að heita Heiða eins og besta vinkona mín. Það endaði með því að hamsturinn minn fékk að heita Heiða. Lengi vel kallaði ég mig líka Línu af því að mig langaði svo til að vera Lína langsokkur,“ upplýsir Vera. Upp úr átta ára aldri fór hún þó að taka nafnið sitt í sátt og í dag er hún hæstánægð með það.

En af hverju var þér gefið þetta nafn? „Mamma heyrði það kallað í rútu þegar hún gekk með mig og fannst það fallett. Pabbi vildi

þó að ég hétí Magga Stína eins og önnur hver kona í fjöðurfjölskyldunni en mömmu fannst komið nóg af þeim.“

Vera heldur að nafnið sé dregið af orðinu verðad sem þýðir sannleikur á latínu. „Mér finnst það falleg merking. Eins veit ég til þess að það er mjög algengt í Rússlandi,“ segir Vera en henni finnst alltaf jafn merkilegt að rekast á aðrar Verur enda nafnið enn fremur sjaldgæft.



**SÁTT VIÐ NAFNIÐ** Veru langaði mest til að heita Heiða þegar hún var yngri en er nú hæstánægð með nafnið sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Japanskar kvikmyndir til sýnis

Kvikmyndasafn Íslands og Japanska sendiráðið sýna þessa dagana japanskar kvikmyndir. Kvikmyndin Floating Weeds, sem nefnist Reikult er þangið á íslensku en Ukigusa á japönsku, verður sýnd í kvöld, þriðjudaginn 27. janúar klukkan 20. Hún verður aftur til sýnis næstkomandi laugar- dag klukkan 16.

Leikstjóri Floating Weeds er Yasujiro Ozu en hún hefur oft verið talin áferð- arfallegust mynda Ozu. Hann breytti lítt upprunalegri sögu myndarinnar þótt aldarfjórðungur hefði liðið frá því að myndin kom fyrst út árið 1934 og þar til hún var endurgerð með hljóði og lit árið 1959.

Áhugasamir geta einnig barið augum handbragð tókumannsins Kazuo Miyagawa síðar í vordagskrá Kvikmyndasafns Ís-



lands í myndunum Rashomon og Sansho the Bailiff. Sýningarnar eru halðnar í tengslum við námskeið í Háskóla Íslands sem Björn Ægir Norðfjörð kvikmyndafræðingur kennir. Frekari upplýsingar er að finna í bæklingi Kvikmyndasafnsins á www.kvikmyndasafn.is.

Á undan hverri sýningu munu nemendur í kvikmyndafræði við HÍ halda stutta kynningu á viðkomandi leikstjóra og mynd. Aðgangur að sýningum á japönsku kvikmyndunum verður ókeypis og opinn almenningi.

**REIKULT ER ÞANGIÐ** Árið 1959 endurgerði japanski leikstjórinn Yasujiro Ozu eina af sínum vinsælustu myndum, A Story of Floating Weeds, frá árinu 1934.

MYND/KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS


 **+**  
Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jakob Björgvin Þorsteinsson**  
Sléttuvegi 13, Reykjavík,  
lést á líknardeild Landakotsspítala, föstudaginn 23. janúar sl.  
Þóra Jakobsdóttir Friðrik S. Kristinsson  
Þorsteinn P. Jakobsson Guðrún Óðinsdóttir  
Óskar M. Jakobsson Angela Jakobsson  
Halldór Jakobsson  
barnabörn og barnabarnabörn

 **+**  
Hjartans eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurður Jónsson,**  
Selvogsgötu 6, Hafnarfirði,  
er lést 17. jan. sl., verður jarðsungið frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 28. jan kl. 13.00.  
F.h. aðstandenda,  
Nanna Hálfánardóttir


 **+**  
Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðrún Sigríður Björnsdóttir**  
Þorragötu 5, Reykjavík,  
lést á heimili sínu laugardaginn 24. janúar sl. Útförin fer fram í Fossvogskirkju mánudaginn 2. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Íslands.  
Jón Reynir Magnússon Bjarneveig Sigríður  
Magnús Reynir Jónsson Guðjónsdóttir  
Birna Gerður Jónsdóttir Guðlaugur Gíslason  
Sigrún Dóra Jónsdóttir Jóhann Gunnar Stefánsson  
barnabörn og langömmubarn.

 **+**  
Elskulegasta eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Helga Jóhannesdóttir**  
Brúnavegi 9, Reykjavík,  
lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju nk. föstudag, 30. janúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast Helgu er bent á SOS barnaþorpín.  
Svavar Jóhannsson  
Edda Svavarsdóttir Birgir Hólm Björgvinsson  
Jóhannes Svavarsson Unnur Guðjónsdóttir  
Gunnar Svavarsson  
Bragi Svavarsson Áslaug Þórðardóttir  
barnabörn og makar og barnabarnabörn.

 **+**  
Ástkær eiginkona mín og vinur, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Einarína Einarsdóttir**  
Skólabraut 15, Innri-Njarðvík,  
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkarkirkju, föstudaginn 30. janúar, kl.14.00.  
Skafti Þórisson  
Jónína Helga Skaftadóttir Karl Heiðar Brynleifsson  
Einar Þórir Skaftason Sjöfn Þórgrímsdóttir  
Margrét Ósk Heimisdóttir Gunnar Jón Ólafsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

 **+**  
Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,  
**Aðalsteinn P. Maack**  
húsasmíðameistari og fv. forstöðumaður Byggingareftirlits ríkisins áður til heimilis að Hvassaleiti 56, Reykjavík,  
andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjöli laugardaginn 24. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.  
Aðalheiður Maack Óðinn Geirsson  
Pétur A. Maack Kristjana Kristjánsdóttir  
Þórhallur Maack Gyða Bárðardóttir  
Gísli Maack Kara Margrét Svafarsdóttir  
Sigríður Maack Mór Másson  
barnabörn og barnabarnabörn.

 **+**  
Hugheilar þakkir fyrir samúð og vinarbugvegna andláts og útfarar eiginmanns míns,  
**Tryggva Eggertssonar**  
Gröf, Vatnsnesi.  
Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga fyrir umönnun og hlýju.  
Kristín Jóhannesdóttir

 **+**  
Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,  
**Magnús Eyjólfsson,**  
fyrirverandi stöðvarstjóri Pósts og síma, Hafnarfirði,  
er látinn. Útför hans hefur farið fram.  
Þórunn Ingólfssdóttir Flygenring  
Kristín Magnúsdóttir Sigurður Helgason  
Ásta Magnúsdóttir Oddur Borgar Björnsson

 **+**  
Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðrún Skagfjörð Stefánsdóttir**  
áður til heimilis í Hrisalundi 6e, Akureyri,  
lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 20. janúar. Útför hennar fer fram frá Höfðakapelli föstudaginn 30. janúar kl. 13.30.  
Heiðis Haraldsdóttir Bjarnhéðinn Gíslason  
Sigrún Bjarnhéðinsdóttir Jón Pétur Karlsson  
Stefán Bjarnhéðinsson Soffía Margrét Sigurðardóttir  
Gísli Örn Bjarnhéðinsson Rannveig Tanya Kristinsdóttir  
og langömmubörnin.

 **+**  
Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ólafur Marinó Sigurðsson**  
Selási 6, Egilsstöðum,  
verður jarðsungið frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 31. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Sjúkrahúss Egilsstaða.  
Ólöf E. Gísladóttir Aðalbjörg Sigurðardóttir  
Eyþór Ólafsson Kristrún Pálsdóttir  
Sigurður Ólafsson Þóra Kristín Jónsdóttir  
Baldur Ólafsson Þóririnn Þórhallsson  
María Rebekka Ólafsdóttir Ágúst Sigurður Sigurðsson  
Einar Ólafsson Þórunn Guðgeirsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

 **+**  
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hjálmar Jónssonar,**  
Hraunbæ 103, Reykjavík,  
sérstakar þakkir eru til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir, 3. hæð, fyrir góða umönnun.  
Stefanía G. Guðnadóttir  
Herbert Hjálmarsson Guðrún Skarphéðinsdóttir  
Jón Ingi Hjálmarsson Svanhvit J. Jónsdóttir  
Elva Hjálmarisdóttir  
Þráinn Hjálmarsson Málfríður Vilbergsdóttir  
Stefán Ragnar Hjálmarsson Hansína Ásta Jóhannsdóttir  
Guðný Hjálmarisdóttir Ellert Ingason  
barnabörn og barnabarnabörn.



Fjármálaráðgjöf fyrir þig

**KAUPPING**

Kynntu þér málin á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta í útibúi Kaupþings.



**Miele**

[www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

# Sparðu með Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fánlegt með vélini.

best brands 2008

most brands 2008

**TILBOÐ**  
Verð frá kr.:  
**23.995**

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

**EIRVÍK** -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gíga  
Gunnarsson

## Stórtíðindasonurinn

Sonur minn kom í heiminn síðasta sumar, um svipað leyti og Spánverjar urðu Evrópumeistarar. Það var sögulegur viðburður enda hafði hinu firnarsterku liði Spanjola aldrei tekist að sigra á stórmóti áður þrátt fyrir að ekki hafi verið nokkur skortur á stórkostlegum leikmönnum frá hinni suðrænu þjóð. Skömmu síðar tókst Íslendingum að vinna til verðlauna á Ólympíuleikunum; „stórasta“ land í heimi varð til og sonurinn lét vita að hann væri að fá sína fyrstu tönn með tilheyrandi slefi, öskrum og tárur.

Stórtíðindi hafa fylgt fyrstu afrekum sonarins. Hann velti sér í fyrsta sinn sem bankahrunið varð, brá svoltið þegar hann lá allt í einu



á maganum eftir að hafa þurft að horfa á heiminn á bakinu. Honum leið örugglega eins og foreldrunum sem horfðu á efnahagskerfið sökkva. Við vildum breytingar, hann þráði pela og snúð.

Sonur minn steig í fæturna í fyrsta skipti þegar Geir H. Haarde boðaði til kosninga, hann lá og hjalaði úti á svölum þegar stjórni féll og rétti upp hendurnar þegar forsetinn og forsætisráðherrann hittust á Bessastöðum. Það veit á tíðindi þegar syni mínum tekst að yfirstíga enn eina hindrunina á sínum þroskaferli og ég er eiginlega hálfsmeykur hvað gerist þegar strákurinn segir „pabbi“ í fyrsta skipti eða fer að ganga. Eitt er víst: sonur minn verður útskrifaður úr háskóla og kannski orðinn pabbi sjálfur þegar hann greiðir síðustu afborganina af góðærissskuldunum okkar.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





BRYNHILDUR SEM BRÁK.

## Brák fer brátt í frí

Á laugardagskvöld var hundraðasta sýning á einleik Brynhildur Guðjónsdóttur um írsku ambáttina Brák í Landnámssetrinu í Borgarnesi en rúm títalín er síðan Brynhildur frumsýndi einleikinn þar 5. janúar 2008 og sló strax rækilega í gegn. Brynhildur hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir sýninguna: Grímuna sem besti höfundur leikársins 2007-8 og besti leikari í aðalhlutverki auk þess sem sýningin var tilnefnd sem besta leik-sýning ársins 2008. Nýlega hlaut Brynhildur viðurkenningu úr Stefanúsjóðnum og Bjartsýnis-verðlaunin sem áður voru kennd við Bröste árið 2008.

Brynhildi hefur verið verið boðið að sýna Brák á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn og fer hún utan í byrjun febrúar og þar verða tvær sýningar en aðeins örfáar sýningar eru fyrirhugaðar í Borgarnesi í febrúar og eru óðum að fyllast. Gert verður hlé á sýningum á Brák í mars, apríl og maí þar sem Brynhildur vinnur að nýju verki sem hún hefur skrifað um listakonuna Fridu Kahlo og frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í apríl. Sýningar á Brák hefjast svo að nýju í júní.

Samhliða sýningum á Brák heldur áfram einleikur Benedikts Erlingssonar á Mr. Skallagrímsson í Landnámssetri en ekkert lát er á aðsókn á þann rómaða einleik.

Benedikt greindi nýlega frá því að hann væri með sjónvarpsþáttaröð í undirbúningi sem helguð er Sturlungu en hann mun sýna Skallagrímsson áfram meðan aðsókn heimtar. Einleikir þeirra Brynhildur í Borgarnesi munu því keppa í sumar við fyrirhugaðar sumarsýningar í Reykjavík: Sound of Music og Við borgum ekki í Borgarleikhúsinu og Grease í Loftkastalanum.

- pbb

## Kvikmyndir á hátíðum

Kvikmyndin Sveitabréðkaup, í leikstjórn Valdísar Óskarsdóttur, tekur þátt í keppni í flokki norræna mynda á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Gautaborg sem fer fram dagana 23. janúar til 2. febrúar. Sveitabréðkaup er frumraun Valdísar sem leikstjóri, en hún hefur áður getið sér gott orð sem klippari. Hún vann meðal annars til BAFTA-verðlauna árið 2004 fyrir klippingu sína á kvikmyndinni The Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Fleiri íslenskar myndir taka þátt í hátíðinni í Gautaborg í ár. Kjötborg, heimildarmynd eftir þær Helgu Rákel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur, tekur þátt í keppni í flokki sem nefnist Norðurljós, en auk hennar taka þátt í hátíðinni stuttmyndirnar Bræðrabylta eftir Grím Hákonarson og Smáfuglar eftir Rúnar Rúnarsson.

Kvikmyndin Stóra planið tekur þátt í keppni í Spectrum-flokki á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Rotterdam sem fer fram dagana 21. janúar til 1. febrúar. Í Spectrum-flokki keppa myndir frá öllum heimshornum sem þykja frumlegar og áhrifaríkar. Leikstjóri Stóra plansins er Ólafur de Fleur Jóhannesson.

- pbb

## Skipreika maður nær landi

Jón Atli Jónasson leikskáld og Ingvar Þórðarson hafa á liðnum mánuðum verið í samstarfi um sviðsverk sem þeir kalla Djúpið. Einleikurinn er á verkefnaskrá Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi sem einn einleikja sem þar eru á dagskrá á þessum vetri. Hann lýsir hvað gerist þegar skipstapi verður og menn lenda í sjó.

Undirbúningi verksins hefur verið skotið inn milli verkefna sem á þeim báðum hvíla: Jón Atli hefur nýlengi vinnu við sviðsetningu á Sumarljósi í Þjóðleikhúsinu þar sem hann var aðstoðarleikstjóri, en Ingvar hefur verið á fullu við æfingar á Rústað eftir Söru Kane sem frumsýnt verður á nýja sviði Borgarleikhússins næstkomandi föstudag.

Ingvar verður að því loknu bundinn við leik-sýningar á vegum Vesturports í Eyjaálfu. Á meðan mun Jón Atli vinna með þeim Halli Ingólfssyni og Jóni Páli Eyjólfssyni að sýningu í Borgarleikhúsi sem fjallar um hrúnið.

Í viðtali við Fréttablaðið sagði Jón Atli fátt um verkefnið: „Hvað gerist þegar maður dettur í sjó?“ Einleikurinn mun sprottinn úr Brimi sem Jón Atli samdi fyrir Vesturport sem nú hefur verið kvikmyndað. Einleikurinn sækir að einhverju leyti efni sitt í hrakningasögur sjómanna sem hafa lent í sjávarháská og komist til lands. Er þá skemmst að minnast atburðar fyrir mörgum árum við Vestmannaeyjar þar sem maður synti langan leið til lands.

Einleikurinn virðist vekja áhuga: skoski leikstjórinn Graham Mallery ætlar að setja einleikinn á svið í Skotlandi, bæði í Glasgow og Edinborg í apríl, en Graham hefur áður unnið við sviðsetningar hér á landi þegar hann setti upp Blackbird sem kallaður var Svartfugl í íslenskri þýðingu í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

- pbb



LEIKLIST Ingvar Sigurðsson er önnur kafinn um heim allan.

LEIKLIST Jón Atli Jónasson leikskáld er með hugann við sjósókn.

**Framúrskarandi íslenskt**

*Búum við á besta stað  
blessa skyldum kúna  
Íslendingar eiga það  
sem aðra vantar núna*

*Öllum standa opnar dyr  
andans kraft skal virkja  
þá er best að borða skyr  
búinn til að styrkja*

HÍVRA HÚSÍÐ / SÍA

**NÝTT Í BIÓ!**

HEIMSFUMSYNING!  
FYRSTI KAFLI  
UNDERWORLD-MYNDANNA.  
UNDERWORLD  
HRIKALEGRI OG FLOTTARI  
ENN NOKKRU SINNI FYRRI!

Leonardo DiCaprio Kato Winslet  
★★★★★  
-S.V. MBL  
Revolutionary Road  
BESTA MYNDIN BESTA HANDBIÐI  
BESTA TÓNLEIKU  
BESTA SÖNGUVERJAN  
GOLDEN GLOBE  
VERÐLAUN 4 TÓNLEIKU  
12

VILTU VINNA MILLJARD?  
GLIMMBO MILLJARDI  
★★★★★  
-S.V. MBL  
BESTA MYNDIN BESTA HANDBIÐI  
BESTA TÓNLEIKU  
BESTA SÖNGUVERJAN  
LÚXUS  
12

Frönsk 3 DÖGAR EFTIR  
3 DÖGAR EFTIR  
HÁSKÓLA BIÓ, 16.-29. JANÚAR  
SKÓLABEKKURINN REFURINN & BARNIÐ KRUMMASKIÐ  
12

SMÁRRÁ BIÓ Sími 564 0000  
REGNBÖGINN Sími 551 9000  
650 kr.  
ÓDÝRT Í BIÓ!

UNDERWORLD 3	kl. 5:50-8-10:10	16
VILTU VINNA MILLJARD	kl. 5:30-8-10:30	12
VILTU VINNA MILLJARD LÚXUS	kl. 5:30-8-10:30	12
SEVEN POUNDS	kl. 10:30	L
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30-8	L
AUSTRALIA	kl. 4:30-8	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BIÓ	kl. 4	A 5%
UNDERWORLD 3	kl. 6-8-10	16
TAKEN	kl. 8-10	16
AUSTRALIA	kl. 6:30-10	12
INKHEART	kl. 5:50	10
TRANSPORTER 3	kl. 8-10:15	16
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30	12

HÁSKÓLA BIÓ Sími 530 1919  
REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI  
SKÓLABEKKURINN / ENSKUR TEXTI  
KRUMMASKIÐ NO.1 / ENSKUR TEXTI  
REVOLUTIONARY ROAD  
SÓLSKINDRENGURINN  
SEVEN POUNDS

REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI	kl. 6	L
SKÓLABEKKURINN / ENSKUR TEXTI	kl. 8-10:15	L
KRUMMASKIÐ NO.1 / ENSKUR TEXTI	kl. 6	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 5:30-8-10:30	12
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30-8-10:30	L
SEVEN POUNDS	kl. 8-10:30	L

BORGAR BIÓ Sími 462 3500  
UNDERWORLD 3  
VILTU VINNA MILLJARD  
SÓLSKINDRENGURINN  
SKOPPA OG SKRITLA Í BIÓ

UNDERWORLD 3	kl. 8-10	16
VILTU VINNA MILLJARD	kl. 8-10:10	12
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 6	L
SKOPPA OG SKRITLA Í BIÓ	kl. 6	L

50 KR. AFSLÁTTUR EÐ PÚ KAUPIR BIÓMIDANN A midi.is  
FERÐ 5% ENDURGREITT EF PÚ BORGAR BIÓMIDANN MED KREDITKORTI  
AUKAKRÖNUR A

# Poppaðri en nokkru sinni

Nýja platan með Eberg kemur út í Japan 11. febrúar hjá Rallymerkinu. „Þeir gáfu Voff voff plötuna mína út í fyrri og vildu endilega vera fyrstir með þessa. Þeim finnst það svo flott. Sjálfum finnst mér upplagt að láta plötuna koma fyrst út í Japan enda er ástandið einna eðlilegast þar í þessum útgáfubransa,“ segir Einar Tönsberg, Eberg. Nýja platan, Antidote, verður þriðja sölóplatan hans, og sú fyrsta síðan Voff voff kom 2006. Sú plata vakti mikla athygli á Eberg, mjög spræk plata þar sem poppaðar melódur komu innpakkaðar í tilraunahljóð. Eberg er við sama heygardhornið. „Á nýju plötunni er ég þó poppaðri en nokkru sinni fyrir. Þetta eru ellefu popplög á ensku, maður er að eldast og svona. Ég reyni þó enn að

blanda tilraunastarfseminni hóllega við.“

Barði Jóhannsson og söngkonurnar Diva de la Rose og Bird leggja Eberg lið og fyrsta lagið sem byrjar að heyrast er „One Step at the Time“. Fólk ætti að kannast við bassastefið í lagiinu. „Já, það var í DV-auglýsingu. Maður þarf alltaf að hórast aðeins líka,“ segir Eberg. Hann á von á því að fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi og er þessa dagana að æfa með rympaparí. Ekki hefur verið gengið frá útgáfu á Íslandi en Einar segir að platan komi hér út í febrúar. „Annaðhvort þarf ég að taka upp bodduna sjálfur eða einhver annar verður svo vinsamlegur. Það skýrist í vikunni.“ - drg

PRÍÐJA PLATAN Einar Tönsberg er Eberg.



ÞÓSTANDENDUR TFA Stefán Örn, Ómar Ómar og Heimir Berg ætla sér stóra hluti á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nú er tími fyrir aðgerðir

Ómar Ómar og félagar ætla sér stóra hluti með TFA á næstunni. Félagið hyggst standa fyrir ýmsum viðburðum og berjast fyrir málefnum ungs fólks.

„Enn og aftur er kominn tími fyrir aðgerðir! Hippippið varð til í kreppu í New York og nú eru aðstæður á Íslandi sem hippippið vex best í. Það gæti orðið sprenging!“ segir Ómar Ómar hjá TFA (Tími fyrir aðgerðir). Upphaflega var þetta áhugamannafélag sem tengdist hippippi og graffítimenningunni, en nú segist Ómar hafa tekið TFA á „næsta plan“ og hefur gert TFA að einkahlutfélagi.

„Ég nenni ekki lengur að gera þetta með hálfum huga og stofnaði nýtt fyrirtæki á sama tíma og öll hin eru að fara á hausinn,“ segir

Ómar og hlær. Hann hefur fengið þá Heimi Berg og Stefán Örn í lið með sér, en þeir hafa haft puttana í dans- og rokkgeiranum. TFA er með öðrum orðum að vikka út starfssvið sitt. „Það hefur alltaf verið planið að starfa í fleiri greinum tónlistar enda hlusta ég á margt annað en hippopp. Tónlistin í dag er orðinn algjör grautur og það er óþarfi að takmarka sig.“

Málum verður fylgt eftir af krafti. TFA ætlar að opna skrifstofu miðsvæðis í Reykjavík og gera þaðan út. Fyrirtækið ætlar að standa fyrir viðburðum og tónleikum á næstu vikum, meðal annars tónleikum teknókappans Stephans Bodzin í samvinnu við Party Zone, Hippopp-kvikmyndamaðaröð og „Rapptilraunir“ í mars. Þá er TFA með hippoppbandið 32C og hljómsveitina The Pet Cemetery á sínum snærum og hyggst bæta við á skjólstæðingaskrána.

„32C eru gríðarlegar stjórnur

í yngri flokkunum þótt fátt fólk eldra en tívugt þekki bandið. The Pet Cemetery eru svo rokkarar sem hafa verið að taka upp plötu nuna og hefur verið líkt við Kings of Leon.“

Menningin sem TFA stendur fyrir er mestmegnis fyrir ungt fólk. „Það hefur tekið fjögur ár en núna loksins er löglegt svæði fyrir graffítí-listamenn að verða að veruleika á Loftkastalavæðinu. Við getum vonandi opnað það á sumardaginn fyrsta,“ segir Ómar. „Svo er ég mikill baráttumaður fyrir Rás 3, stöð sem myndi fjalla um menningu yngri kynslóðarinnar. Fyrst krakkar niður í 16 ára eru farnir að borga nefskatt til RÚV finnst mér eðlilegt að þeir fái eitthvað fyrir sinn snúð. Rás 2 höfðar til 30 ára og eldri og stendur sig frábærlega í því. En það er mikill grundvöllur fyrir nýrri útvarpsstöð.“

drgunni@frettabladid.is

# Arabi syngur lag Ísraels

Undirbúningur fyrir Eurovision-keppnina í Moskvu í maí er nú á fullu. Evrópulöndin eru misfljót að gera upp hug sinn. Nú þegar hafa sjö lög verið valin og fjórir keppendur til viðbótar, þótt enn sé á huldum hvaða lög þeir flytja.

Í ár keppa jafnmörg lönd og í fyrra, fjórutíu og þrjú. Slóvakía snýr aftur, landið keppti síðast árið 1998, en smárikíð San Marino sem keppti í fyrsta skipti í fyrra, dregur sig úr keppni og kennir blankheitum um. Kreppan hefur skolið all harkalega á Lettlandi og líkt og við fengu Lettar lán hjá AGS. Ríkissjónvarpið þar þurfti að skera verulega niður og á tímabili stóð til að landið hætti þátttöku í Eurovision. Frá því var þó horfið á síðustu stundu.

Eflaust á framlag Ísraels eftir að vekja mikla athygli. Lagið hefur ekki verið valið enn þá en flytjendurnir verða tvær söngkonur: Achinam Nini, sem er virt ísraelsk

söngkona, og palestínska söngkonan Mira Awad, sem verður fyrsti arabinn í sögunni sem syngur lag Ísraels. Lagið verður að sjálfsgöðu um frið og sungið á ensku, hebresku og arabísku til að skilaboðin skiljast örugglega. Öfgahópar á báða bóga eru mjög óánægðir með þetta val og þeir palestínsku kalla Miru svikara fyrir að ganga óvininum á hönd.

Enn á ný reyna Bretar að bæta sig í keppninni og hafa ekki úr háum söðli að detta því þeir urðu í síðasta sæti síðast. Nú stendur yfir mikil söngvarakeppni á BBC, Your Country Needs You, og mun sigurvegurinn syngja lag Andrews Lloyd Webber, „My Time“.

Lögin fara að detta inn næstu vikurnar og að vanda verða það Svíkar sem velja síðastir. Þeirra Eurovisionlag verður valið 14. mars. Líkt og í fyrra mun Páll Óskar kynna lögin fyrir Íslendingum í þáttaröðinni Alla leið. - drg



SYNGUR ÍSRAELSKA EUROVISIONLAGIÐ Mira Awad á búlgarska móður og palestínskan föður og býr í Tel Aviv.

**SAMBIÓNIN**

ROCKNROLLA  
CHANGELING  
JIM CARREY  
JOLIE JOHN MALKOVICH  
YES MAN

SAMBIÓNIN ALFABAKKA		12
ROLE MODELS	kl. 5:50-8-10:10	12
ROLE MODELS	kl. 8-10:10	VIP
BEDTIME STORIES	kl. 5:50-8	L
BEDTIME STORIES	kl. 5:50	VIP
ROCKNROLLA	kl. 10:20	16
CHANGELING	kl. 5:30-8:30	16
YES MAN	kl. 5:50-8-10:20	7
THE SPIRIT	kl. 10:20	12
BOLTI 3-D m/Ísl. tali	kl. 5:50(30)	L
TWILIGHT	kl. 8	12

SAMBIÓNIN SELFÖSS		L
BEDTIME STORIES	kl. 8	L
TRANSPORTER 3	kl. 10:10	16
INKHEART	kl. 8	10
THE SPIRIT	kl. 10:10	7

SAMBIÓNIN AKUREYRI		12
ROLE MODELS	kl. 8-10	12
BEDTIME STORIES	kl. 8	L
ROCKNROLLA	kl. 10	16

SAMBIÓNIN KEFLAVÍK		12
ROLE MODELS	kl. 8-10:10	12
BEDTIME STORIES	kl. 8	L
CHANGELING	kl. 10	16

SAMBIÓNIN KRINGLUNNI		12
ROLE MODELS	kl. 6-8:10-10:20	12
BEDTIME STORIES	kl. 6D	L
ROCKNROLLA	kl. 8:10D-10:30D	16
YES MAN	kl. 8:10-10:20	7
BOLT 3-D m/Ísl. tali	kl. 6(30)	DIGITAL-3D L

**PRÍÐJUDAGSBIÓ Í DAG - KR. 500**



# Dönsku rokkararnir klikkuðu hvergi

Dönsku rokkararnir í D-A-D voru trúir sjálfum sér og héldu kraftmikla og vel heppnaða tónleika á Nasa á laugardagskvöld síðasta. Einkum fór bassaleikarinn á kostum á sínum tveggja strengja bassa, ber að ofan uppi á hátalara-stæðum og bassatrommu, í niðþröngum buxum með áletrunina „nasty“ á rassinum – sem hann var ekki að fela fyrir hljótleikagestum. Upp í hugann kom óhjákvæmilega „mockumentary“, myndin um Spinal Tap, og gestir voru vel með á nótnum.

Grímur Atlason, sveitarstjóri í Dalabyggð, hafði milligöngu um tónleikahaldið í samstarfi við dönsku samtökin Because We Care sem hefur það að markmiði að koma bágstöddum Íslending-



D-A-D Sveitin var óborganlega fyndin og þrælþétt á tónleikum á Nasa um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um í Danmörku til hjálpar. Grímur er ánægður með hvernig til tókst. Fullt hús var og áhorfendur skemmtu sér hið besta.

„Þeir koma hingað og fá enga

peninga fyrir það. Í sjálfu sér skiptir söfnunin sem slík, hvað varðar tónleikana, ekki meginmáli í krónum og aurum talið,” segir Grímur og vísar til þess að

íslenska krónan vegi ekki mikið úti í Danmörku.

Hátt í fimm hundruð miðar seldust og reikningsdæmið lítur þannig út að eftir standa um 30 þúsund danskar. „Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að TV2 fylgdi tónleikunum vel eftir og binda má vonir við að það leiði til þess að söfnun í Danmörku muni ganga enn betur,” segir Grímur.

Samtökin Because We Care hafa nú þegar safnað hátt í tíu milljónum íslenskra króna sem hafa runnið til íslenskra námsmanna og ellilífeyrisþega sem búsettir eru í Danmörku. D-A-D vinnur nú að myndbandi sem tekið er upp hér á landi og er kvikmyndafyrirtækið True North þeim innanhandar með það.

# Obama í söngleik

Barack Obama varð 44. forseti Bandaríkjanna þegar hann tók við embætti í síðustu viku. Um leið og hann skróaði sig á spjöld sögunnar sem fyrsti þeldökki forseti Bandaríkjanna, fékk leikskáldið Teddy Hayes hugmynd að nýjum söngleik.

Hayes skrifar nú handrit að söngleik um forsetann sem kallast Obama in my mind, þar sem saga hans og kosningabarátta verður rakin.

Stefnt er að því að frumsýna söngleikinn í London í mars og segir Hayes að tónlistin verði blanda af poppi, gospel-, djass- og motown-tónlist.



ÁNÆGÐ MEÐ VÖXT SINN Adele vill að stelpurnar í Pussycat Dolls verði léttlæddar í myndbandi við nýtt lag sitt.

# Vill ekki fara í bikiní

Breska söngkonan Adele vill að bandaríska stelpubandið Pussycat Dolls syngi lag sem hún hefur samið, en hún veit ekki hvernig hún á að koma laginu til stelpnanna. Sjálf segist hún ekki vilja syngja lagið því það eigi skilið tónlistarmyndband með léttklæddum konum og sjálf vilji hún ekki klæðast bikiní. Hún segist ánægð með að vera þéttvaxin og ætlar sér ekki að fara í megrun til að þóknast öðrum.

Hin tvítuga Adele segist vera mikill aðdáandi popptónlistar og segir að oft sé erfiðast að semja einföld lög, sjálfri finnst henni slík lög þó ekki henta sinni söngrödd.



KEIRA KNIGHTLEY Leikur aðalhlutverkið í London Boulevard á móti Colin Farrell.

# Leika saman í glæpamynd

Keira Knightley og Colin Farrell fara með aðalhlutverkin í glæpádramanu London Boulevard sem verður kvikmynduð í sumar.

Myndin verður sú fyrsta sem William Monahan, handritshöfundur The Departed, leikstýrir.

Í myndinni leikur Farrell glæpamann sem losnar úr fangelsi og reynir að snúa við blaðinu með því að gerast aðstoðarmaður ungrar leikkonu. Farrell, sem hlaut nýverið Golden Globe-verðlaun fyrir In Bruges, sést næst í myndinni The Way Back. Næsta mynd Knightley nefnist Last Night. Hún mun líklega einnig leika í myndinni The Beautiful and the Damned.

# BJÖRT FRAMTÍÐ

## MÁLM- OG VÉLTÆKNIÐNAÐAR Á ÍSLANDI EF...

## RÁÐSTEFNA Á GRAND HÓTEL LAUGARD. 31. JANÚAR

SAMTÖK IÐNAÐARINS, MÁLMUR - SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í MÁLM- OG SKIPAÐNAÐI OG VM - FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA halda ráðstefnu um stöðu málm- og véltækniðnaðar á Íslandi og tækifæri hans í framtíðinni

### DAGSKRÁ

#### KL. 10 SETNING

— ÖSSUR SKARPHÉDINSSON, IÐNAÐARRÁÐHERRA, FLYTUR ÁVARP

— VONIR OG VÆNTINGAR FYRIR 20 ÁRUM - FRAMTÍÐIN  
*Ingólfur Sverrisson, forstöðumaður Málm- og véltækni sviðs SI*

— SAMKEPPNISHÆFNI - FORSENDUR OG ÞÝÐING  
*Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*

— SAMANBURÐUR VIÐ ERLENDA KEPPINAUTA, AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA  
*Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar SI*

— INNKAUPASTEFNA, NÝSKÖPUN, MARKAÐSSETNING OG SÖLUMENNSKA  
*Sigurður Halldórsson, lögfræðingur hjá SI*

#### KL. 12 HÁDEGISVERÐUR

KL. 13 TÆKIFÆRIN BLASA VIÐ  
*Frásagnir í máli og myndum af verkefnum fyrirtækja innan greinarinnar*

— HVAD SKIPTIR MESTU MÁLI FRÁ SJÓNARHÓLI STARFSMANNA?  
*Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri VM*

— HVERNIG Á AÐ FÁ FLEIRI TIL AÐ LÆRA MÁLMÍÐNIR?  
*Ingí Bogi Bogason, forstöðum. menntunar og mannaúðs hjá SI*

— ENDURMENNTUN STARFSMANNA OG MIÐLUN ÞEKkingar  
*Gylfi Einarsson, forstöðum. Málm- og véltækni sviðs IÐUNNAR*

— SKÓLARNIR OG ÞARFIR FYRIRTÆKJANNA  
*Baldvin Ringsted, kennslustjóri tækni sviðs VMA*

— HVERNIG FARA ÞEIR BESTU AÐ?  
*Sverrir Ragnarsson, ráðgjafi og BS í alþjóðaviðskiptum*

— SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR  
*Guðmundur Ragnarsson, formaður VM*

#### KL. 16 RÁÐSTEFNUSLIT

Ráðstefnustjóri: Brynjar Haraldsson, formaður MÁLMS

**Allt áhugafólk um málm- og véltækniðnað á Íslandi velkomið!**

Skráning á mottaka@si.is, vm@vm.is og í sínum 591 0100 og 575 9800



**> Stelpurnar mæta Englandi og Danmörku**

Kvennalandslið Íslands í fótbolta leikur tvo vináttulandsleiki í júlí, gegn Danmörku annars vegar og Englandi hins vegar, en þetta var staðfest á heimasiðu KSÍ í gær. Leikurinn við Dani verður 16. júlí og átti upphaflega að fara fram í Kaupmannahöfn en hefur verið færður til Englands og seinni leikurinn við Englendinga fer einnig fram í Englandi 19. júlí. Allar þrjár þjóðirnar verða meðal keppenda á EM í Finnlandi sem hefst 23. ágúst. Næsta verkefni kvennalandsliðsins er Algarve Cup sem hefst með leik gegn Noregi 4. mars.



**sport**  
sport@frettabladid.is

**RAKEL HÖNNUDÓTTIR: ER FARIN ÚT TIL ÆFINGA HJÁ SÆNSKU FÉLÖGUNUM GAUTABORG OG KRISTIANSTAD**

**Búin að lofa Þór/KA að ég spili áfram næsta sumar**

Nýjasta landsliðskonan í útrás er framherjinn Rakel Hönnudóttir hjá Þór/KA sem mun skoða aðstæður og æfa með sænsku félagunum Gautaborg og Kristianstad næstu vikurnar. Rakel stefnir á að dvelja í Svíþjóð fram að Algarve Cup, æfingamóti sem kvennalandsliðið tekur þátt í, sem hefst í byrjun mars.

„Ég ætlaði upphaflega að fara til Danmerkur og skoða aðstæður og æfa með Brøndby en svo féll það dæmi upp fyrir og mér bauðst þá í staðinn að fara til Gautaborgar. Ég heyrdi svo í Betu [Elisabetu Gunnarsdóttur, þjálfara Kristianstad] og sagði henni frá því að ég væri að fara til Gautaborgar og þá vildi hún einnig bjóða mér að æfa með Kristianstad og ég þáði það að sjálfsgöðu. Ég byrja að æfa með Gautaborg klukkan níu í fyrramálið [í dag] og hlakka bara mikið til,“ segir Rakel sem hittir svo fyrir nokkra liðsfélaga sína úr landsliðinu hjá Kristianstad en Erla Steina Arnar-



dóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir eru á meðal leikmanna sænska liðsins.

Rakel fór hreinlega á kostum með Þór/KA í Landsbankadeildinni síðasta sumar og skoraði þá tuttugu mörk í sautján leikjum með norðanstúlkum sem náðu sínum besta árangri í efstu deild eða fjórða sæti og Rakel hlaut silfurskoínn fyrir mörkin tuttugu. Rakel var einnig valin Íþróttamaður Þórs og Íþróttamaður Akureyrar árið 2008 en hún skrifaði nýverið undir nýjan tveggja ára samning við Þór/KA og kveðst ekki vera á förum frá félaginu í bráð.

„Ég er fyrst og fremst að fara út til æfinga hjá þessum félagum til þess að æfa við toppaðstæður og fá líka að kynna því hvernig þetta er þarna úti. Ég er nýbúin að skrifa undir samning við Þór/KA og er búin að lofa félaginu að ég spili með því næsta sumar og ég ætla mér að sjálfsgöðu að standa við það. Ég mun svo bara flýta mér hægt í þessu hvað framhaldið varðar.“

Savio Nsereko kominn til West Ham frá Brescia:  
**Dýrasti leikmaður í sögu West Ham**

**FÓTBOLTI** West Ham gekk í gær frá kaupum á Savio Nsereko frá ítalska b-deildarfélaginu Brescia. Kaupverðið hefur ekki verið staðfest en BBC Sport fullyrðir að hann sé dýrasti leikmaður í sögu West Ham en áður hafði Craig Bellamy verið dýrasti leikmaður sem félagið hafði keypt þegar hann kom frá Liverpool á 7,5 milljónir punda. Flest bresku dagblaðanna telja að Nsereko hafi kostað á bilinu 9-10 milljónir punda.

Hinn nítján ára gamli Nsereko er fæddur í Úganda en er með þýskt ríkisfang og hefur getið sér gott orð með U-19 ára landsliði Þýskalands og var meðal annars valinn besti leikmaður lokakeppni Evrópukeppni U-19 ára landsliða síðasta sumar, sem Þýskaland vann.

Nsereko hafði verið orðaður við Roma, Lazio og Napoli á Ítalíu en það sem hafi hins vegar orðið til þess að leikmaðurinn ákvað að velja West Ham hafi verið vilji hans að vinna með knattspyrnustjóranum Gianfranco Zola. „Savio hlakkar mikið til



NSEROKO Varð í gær dýrasti leikmaður í sögu West Ham en hann er talinn hafa kostað á bilinu 9-10 milljónir punda. NORDIC PHOTOS/GETTY

þess að vinna með jafn frábærum þjálfara og Zola og hann býðst við því að læra mikið af honum og ná að bæta sinn leik til muna hjá West Ham,“ segir Patrick Bastianelli, umboðsmaður Nsereko.

Hlutverk Gianluca Nani, yfirmanns knattspyrnumála hjá West Ham, er einnig talið hafa vegið þungt í félagaskiptunum en hann gegndi áður sama starfi hjá Brescia og þekkir því vel til leikmannsins. Nani fékk Nsereko til að mynda á sínum tíma til þess að koma til ítalska félagsins frá 1860 München í Þýskalandi.

Nsereko verður að öllu óbreyttu kynntur til sögunnar hjá West Ham á heimaleik félagsins gegn Hull annað kvöld og gæti þess vegna farið beint inn í leikmannahópin ef engir hnókrar verða á atvinnuleyfinu.

Þá komst West Ham í gær að samkomulagi við Portsmouth um sölu á miðjumanninum Hayden Mullins á 3 milljónir punda. —**ÓP**

**Hef ekki hugmynd um hverju ég hef breytt**

Teitur Örylgsson hefur gjörbreytt gengi Stjórnunnar í körfubolta eftir að hann tók við liðinu um miðjan desember. Liðið hefur unnið sex af þeim sjö leikjum sem Teitur hefur stýrt og er þar að auki komið í bikarúrslitin í fyrsta skipti.

**KÖRFUBOLTI** Það er ljóst að Stjórnun valdi heldur betur réttan valkost í desember þegar liðið bauð Teiti Örylgssyni að taka við liðinu. Þá hafði hvorki gengið né rekið hjá liðinu sem sat þess utan í fallsæti í Iceland Express-deildinni.

Stjórnumliðið hefur blómstrað undir stjórn Teits, vinnur hvern leikinn á fætur öðrum og á sunnudaginn tryggði liðið sér sæti í úrslitum bikarsins í fyrsta skipti í sögu félagsins þegar Stjórnun lagði Njarðvík sem Teitur þjálfaði á síðustu leiktíð.

„Það er búið að ganga vel og þetta hefur verið svakalega gaman. Við erum þess utan hvergi nærri hættr. Menn mega ekki sofna núna því þá eru menn fljótir í botnsætið aftur,“ sagði Teitur brattur og augljóslega enn í sigurvímu eftir Njarðvíkurleikinn. Teitur vill þó ekki eigna sér allan árangurinn.

„Ég ætla ekki að eigna mér eitt né neitt af þessu. Það eru magnaðir strákar í þessu liði, hörkuseigir sem lið og menn vilja leggja mikið á sig,“ sagði Teitur hógvær en eitthvað hefur hann gert til þess að koma liðinu á slíka siglingu. „Ég hef ekki hugmynd um hvað það er,“ sagði Teitur og minna orð hans um margt á ummæli Harry Redknapp, stjóra Spurs, á dögnum þegar afar vel gekk hjá Spurs eftir að hann tók við.

Teiti var sagt upp störfum hjá Njarðvík eftir síðustu leiktíð og hann var ekki sérstaklega sáttur við þá uppsögn. Hann er þar af leiðandi afar kátur að koma til baka með slíkum krafti og raun ber vitni.

„Það er voða gaman að fá þessa athygli eftir það sem á undan er gengið. Ég neita því ekkert en strákarnir eiga þetta allt saman,“ sagði Teitur en hvernig var eiginlega tilfinningin að slá út Njarðvík í undanúrslitum? Félag sem honum þykir afar vænt um og félag sem sparkaði honum í fyrri?

„Persónulega var þetta mjög skrítið fyrir mig. Margir halda eflaust að ég hafi fagnað eins og enginn væri morgundagurinn. Að þetta væri einhver fullnæging fyrir mig að vinna Njarðvík en það var alls ekki svoleiðis. Ég átti fullt



NÆR VEL TIL LEIKMANNA Teitur Örylgsson hefur blásið nýju lífi í Stjórnumliðið. Hann vill lítið hrósa sjálfum sér og hrósar frekar strákunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

af vinum hinum megin á gólfu og að sjá þá í sárum tók á fyrir mig,“ sagði Teitur.

Eitt helsta vandamál Stjórnumliðsins framan af vetri var að klára leiki, vinna jafnar viðureignir. Teitur var mikill sigurvegari sem leikmaður og honum hefur eðlilega tekist að miðla af þeirri reynslu sinni.

„Þegar Njarðvík komst yfir í leiknum undir lokin þá tók ég leikhlé. Þá var rifandi stemning í húsinu og hreinlega hægt að skera spennuna í loftinu. Þá var ekki farið yfir neina taktík heldur spurði ég þá að því hvort þetta augnablik væri ekki nákvæmlega ástæðan fyrir því að þeir væru í

Íþróttum? Fá að spila svona leiki? Hvað er skemtilegra en þegar allir horfa á mann spenntir og sveittir í stúkunn. Þá vill maður skipta máli og komast í fyrirsagnirnar. Ef eitthvað er í menn spunnid á þá að langa það. Þá eiga menn ekki að fara inn á völlinn og fela sig.“

Teitur sér ekki eftir því að hafa tekið tilboði Garðbæjarna. „Þetta tækifæri kom bara á hárréttum tíma fyrir mig. Rétt lið á réttum tíma og ég þurfti bara að hugsa mig um í fimm mínútur enda hef ég svakalega gaman af þessu,“ sagði kraftaverkamáðurinn Teitur Örylgsson.

henry@frettabladid.is

**Hádegisfundur ÍSÍ 30. jan.!**  
E-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal kl. 12.00 - 13.00. Tomas Peterson prófessor frá Svíþjóð fjallar um tengingu þjóðfélags og íþrótt í Svíþjóð. Fyrirlesturinn er ókeypis og öllum opin á meðan húsrúm leyfir. Sjá einnig á [www.isi.is](http://www.isi.is)



Í Markaðnum á morgun

**SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS RÝNIR Í HAGSTÆRÐIR OG RÁÐLEGGUR UM AÐGERÐIR Í EFNAHAGSMÁLUM.**

**HVER ER STAÐA SEÐLABANKANS Í RAUN?**

**AÐGERÐIR OG AÐGERÐALEYSI Í FJÁRMÁLAKRÍSU.**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

STJARNAN FARIN AÐ VINNA JÖFNU LEIKINA (10 stiga munur eða minna)	
Án Teits:	
Leikir:	8
Sigrar:	1
Töþ:	7
Sigurhlutfall:	13%
Með Teiti*:	
Leikir:	4
Sigrar:	4
Töþ:	0
Sigurhlutfall:	100%

ALLT ANNAÐ STJÖRNULIÐ Stjórnun án Teits:	
Leikir:	11
Sigrar:	3
Töþ:	8
Sigurhlutfall:	27%
Stjórnun með Teiti*:	
Leikir:	7
Sigrar:	6
Töþ:	1
Sigurhlutfall:	86%

JUSTIN OG JOVAN BLÓMSTRA HJÁ TEITI Stig í leik án Teits:	
Justin Shouse:	19,7
Jovan Zdravevski:	17,3
Samtals:	37,0
Stig í leik með Teiti*:	
Justin Shouse:	25,7
Jovan Zdravevski:	20,5
Samtals:	46,2

\* LEIKURINN Á MÓTI FSU TALINN MED.



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

### 1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á [visir.is/samfelagsverdlaun](http://visir.is/samfelagsverdlaun) með tölvupósti á netfangið [samfelagsverdlaun@frettabladid.is](mailto:samfelagsverdlaun@frettabladid.is), eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN  
**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Framlengdur  
Frestur**  
Til að senda tilnefningar er  
til miðnættis miðvikudaginn  
**28. janúar**

**> John Krasinski**

„Ég vil ekki takmarka mig við aðeins gamanleik eða dramatískan leik. Ég sækist fyrst og fremst eftir að fá að taka þátt í spennandi verkefnum á öllum sviðum.“ Krasinski leikur í myndinni License to Wed sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



**dagskrá**



**VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON FÉKK ÓTRÚLEGA GÓÐA HUGMYND**

**USB-múffur fyrir netnörda**

Fólk er farið að eyða svo iskyggilega miklu af tíma sínum við tölvu að öll eðlileg samskipti milli vina og kærustupara virðast fara þar fram. Við getum til dæmis fylgst með þegar Jón og Gunna skrifa athugasemd á ljósmyndir af hvort öðru fyrir allra augum á Facebook og segja hluti eins og „Ógeðslega ertu sexi dúllusnúðsrassgatið þitt,“ eða þegar eiginkonan birtir innkaupalista fyrir eiginmann sinn á veggnum fyrir allra augum. Mæður eru farnar að skrifa skilaboð til fullorðinna barna sinna, unglingar neita að „adda“ foreldrum á vinalista og meira að segja heimiliskettirnir eru komnir með eigin „Catbook“. Nýjasta æðið sem hefur gripið um sig meðal fésbókara er að merkja (tagga) vini sína á myndum sem koma þeim ekkert við, eins og til dæmis

að merkja bestu óvinkonu þína sem ungrú Hroki eða vínahópin á blátri ljósmynd frá áttunda áratugnum.

Ég hef staðið þör að verki í sama herbergi að vera með ummæli um „status“ hvors annars á Facebook og heyrta aðra segja að það ræni þú á svefni að hugsa upp nógu myndir „status“ til að setja inn næsta morgun. Ef sambönd eru á útopnu á Netinu er líklegt að kynlíf fari einnig að snúast aðallega um tölvuskjáinn. Og hver hefur tíma fyrir kynlíf hvort er þegar maður hangir allan daginn á Facebook eða í Eve Online á Netinu? Um helgina skaut upp í kolla mér snilldar viðskiptahugmynd þegar

ég sá auglýsingu í þessu ágæta blaði um „Múffuna – gefðu konunni fri.“ Hvernig væri nú að framleiða USB-múffu fyrir tölvunörda heimsins? Þá þyrftu einmana sálir og World of Warcraft-spilarar ekki að örvænta lengur heldur myndu þeir bara skunda út í Nexus eða Pen.is og ná sér í eitt stykki USB-múffu. Hér með er hugmyndin komin á blað.



**PRÍÐJUDAGUR**

**19.35 WBA - Man. Utd.** STÖÐ 2 SPORT 2

**20.00 Worst Week** STÖÐ 2

**20.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA

**21.00 Top Design** SKJÁREINN

**22.20 Dauðir rísa (Waking the Dead V)** SJÓNVARPIÐ

**SJÓNVARPIÐ**

**16.00 Fréttaukinn (e)**  
**16.35 Leiðarljós**  
**17.20 Tákn málsfréttir**  
**17.30 Bjargvætturinn (14:26)**  
**17.55 Latibær (e)**  
**18.25 Út og suður (e)**  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**20.15 Mæðgurnar (Gilmore Girls VII)** (10:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.  
**21.00 Sannleikurinn um sánuna (The Truth about Sauna)** Finnisk heimildamynd um sánu, gufubað Finna.  
**22.00 Túfréttir**  
**22.20 Dauðir rísa (Waking the Dead V)** (7:12) Breskur sakamálaflökkur um Peter Boyd og félagi hans í þeirri deild lögregluunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emmyverðlauna sem besta leikna sjónvarps-efnið. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu og Esther Hall.  
**23.15 Hvarf (Cape Wrath)** (1:8) Breskur spennuflokkur með úrvaleikurum. Fjölskylda flyst í smábæ undir fölsku nafni en það getur verið erfitt að flytja fortíðina. Aðalhlutverk: David Morrissey, Lucy Cohu, Harry Treadaway og Felicity Jones. (e)  
**00.05 Kastljós (e)**  
**00.35 Dagskrárlok**

**BÍÓ**

**08.00 Land Before Time XI. Invasion of the Tinosauruses**  
**10.00 Jingle All the Way**  
**12.00 License to Wed**  
**14.00 Bigger Than the Sky**  
**16.00 Land Before Time XI. Invasion of the Tinosauruses**  
**18.00 Jingle All the Way**  
**20.00 License to Wed** Rómantísk gamanmynd með Robin Williams, Mandy Moore og John Krasinski í aðalhlutverkum.  
**22.00 The Prince of Tides**  
**00.10 Red Eye**  
**02.00 The Door in the Floor**  
**04.00 The Prince of Tides**

**STÖÐ 2**

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlamir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.  
**08.15 Oprah**  
**08.55 Í fínu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 La Fea Más Bella (239:300)**  
**10.15 Extreme Makeover. Home Edition (7:25)**  
**11.00 The Riches (4:7)**  
**12.00 Grey's Anatomy (3:17)**  
**12.45 Neighbours**  
**13.10 Big Momma's House 2**  
**14.45 Sjáðu**  
**15.10 Notes From the Underbelly (12:13)**  
**15.35 Saddle Club**  
**15.58 Tutenstein**  
**16.18 Stuðboltastelpurnar**  
**16.43 Ben 10**  
**17.08 Bold and the Beautiful**  
**17.33 Neighbours**  
**17.58 Friends**  
**18.23 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.47 Íþróttir**  
**18.55 Ísland í dag**  
**19.25 Veður**  
**19.35 The Simpsons (18:23)** Simpson-fjölskylduna dreymir einkennilegan draum þar sem þau eru hvert um sig persónur úr Biblíusögnum.  
**20.00 Worst Week (6:13)** Gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína.  
**20.25 How I Met Your Mother (3:20)**  
**20.50 Burn Notice (8:13)**  
**21.35 Rescue Me (7:13)**  
**22.20 The Daily Show. Global Edition**  
**22.45 Auði og sveppi (1:18)**  
**23.15 Big Momma's House 2**  
**00.50 Silent Witness (4:10)**  
**01.45 Rescue Me (7:13)**  
**02.30 Burn Notice (8:13)**  
**03.15 9 Songs**  
**04.25 How I Met Your Mother (3:20)**  
**04.50 The Simpsons (18:23)**  
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

**SPORT** *besta sætið*

**17.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst bak við tjöldin.  
**17.30 Veitt með vinum 4** Í þessum þætti verður veitt í Langá, einni gjöfulustu á landsins.  
**18.00 Cardiff - Arsenal** Útsending frá leik í ensku bikarkeppinni.  
**19.40 Ensku bikarmörkin 2009** Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrífir skoðuð.  
**20.10 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.  
**20.40 NBA tilþríf** Öll bestu tilþríf vikunnar í NBA-köruboltanum.  
**21.05 Leiðin að Superbowl** Leið liðanna sem leika til úrslita um Superbowl skoðuð.  
**22.00 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.  
**22.55 Angel Stadium, California** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Kaliforníu.  
**23.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilari í heiminum.

**SPORT 2** *enski boltinn*

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.  
**18.30 Coca Cola-mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðuð í þessum magnaða markaði.  
**19.05 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.  
**19.35 WBA - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. WBA - Man. Utd Sport 4. Portsmouth - Aston Villa Sport 5. Tottenham - Stoke Sport 6. Sunderland - Fulham  
**21.40 Portsmouth - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**23.20 Tottenham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**SKJÁREINN**

**06.00 Óstöðvandi tónlist**  
**08.00 Rachael Ray (e)**  
**08.45 Vörutorg**  
**09.45 Óstöðvandi tónlist**  
**17.10 Vörutorg**  
**18.10 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.  
**18.55 America's Funniest Home Videos (2:48)** Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir brot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)  
**19.20 The Bachelor (7:10)** Raunveruleikabáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. (e)  
**20.10 The Biggest Loser (1:24)** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.  
**21.00 Top Design (4:10)** Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Góður innanhússhönnuður þarf að hafa gott auga fyrir fegurð og í þessum þætti reynir á hönnuðina átta sem eftir eru. Þeir verða að hanna hentugt rými fyrir viðskiptavinum sínum, sem allir eru hönnunamemar. Núna mega þeir bara notast við hluti sem þeir finna á bíl-skúrstölu.  
**21.50 The Dead Zone (7:12)** Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny verður að fást við bálréiðan mann sem vann í lottóinu með smáhjálpi frá honum. Nú er hann reiður vegna þess að peningarnir lögðu líf hans í rúst.  
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfluglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.  
**23.30 CSI (2:24) (e)**  
**00.20 Vörutorg**  
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

**N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS**

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.  
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

**OMEGA**  
 Dagskrá allan sólarhringinn.

**Gólfdukur** skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn

**Eldhúsið** hjarta heimilisins

**Svefnherbergið** þægilegt andrúmsloft

**Forstofan** einfaldara verður það ekki

**Stofan** alltaf jafn heimilislegt

**Badherbergið** hlýtt og mjúkt undir fæti

**Heimilisdúkur, sígild lausn:**  
 -léttur í þrífum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval -fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

**Sérverslun með gólfduki og teppi**

**KJARAN** GÖLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**  
**Burn Notice**

Hraðir og hörkufyndnir spennuþættir í anda Bonds og Chucks sem hafa komið þægilega á óvart. Njósnaarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpamanna heimsins. Westen er staðráðinn í að finna þann sem lét útskúfa honum og til að ná endum saman gerist hann einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefni geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörurnjósnara“.



► **VIÐ MÆLUM MED**  
**The Biggest Loser – nýtt**  
**Skjár einn kl. 20.10**

Bandarísk raunveruleikasæra þar sem fitubollar berjast við bumbuna. Að þessu sinni hefja keppendur leikinn í miðri eyðimörk. Nýr kynnr þáttanna, leikkonan Alison Sweeney, segir þeim að hinir fyrstu tveir sem ná til einkaþjálfaranna verði fyrirliðar liðanna og fá að velja sér fimm í hvort lið. Það þýðir að sex keppendur komast ekki í liðin.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Músík og mas
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tilnefningar til Ísl. bókm.verðl.
- 15.03 Útvarpsagan: Svörtu hestarnir
- 15.30 Miðdegistónar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Auðlindin
- 18.23 Fréttayfirlit og veður
- 18.26 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.00 Gatan mín
- 00.07 Nætturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (111:260)
- 16.30 Hollyoaks (112:260)
- 17.00 Seinfeld (22:24)
- 17.30 Ally McBeal (9:24)
- 18.15 The O.C. (6:27)
- 19.00 Hollyoaks (111:260)
- 19.30 Hollyoaks (112:260)

20.00 Seinfeld (22:24) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

► 20.30 Ally McBeal (9:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

21.15 The O.C. (6:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi.

22.00 Men in Trees (15:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit.

22.45 Lost Room, The (1:6) Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykíl sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótelherberginu þar sem magnaðir atburðir eiga sér sér stað.

23.30 Auddi og Sveppi

23.55 Logi í beinni

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnáping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn fjallar um landsfund Sjálfstæðisflokksins sem verður haldinn um næstu helgi.

21.00 Ástvinaudd Gunnar L. Friðriksson kennir áhorfendum að nudda sína nánustu.

21.30 Á réttri leið Katrín Júlíusdóttir þingmaður Samfylkingarinnar leitar að kjarna málsins.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 Danmark Ekspeditionen 10.30 Forandring på vej 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Horisont 11.35 OBS 11.50 Aftenshowet 2. del 12.20 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Spam 15.30 Braceface 15.55 Oggy og kakerlakkerne 16.00 Agent Nørd 16.30 Lille Nørd 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Kender du typen? 19.30 Stemmer fra opgangen 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Beck 22.30 Livvakterne

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.05 Landsbylegene 10.30 Tinas mat 11.00 NRK nyheter 11.10 Livet i Fagervik 12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Viten om 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Kohit i familien 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Slipp naboenes løs 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Dora utforskeren 17.25 Dykk Olli, dykk! 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Dei store krigrane 21.20 Extra-trekning 21.30 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Good night, and Good Luck 23.45 Ansikt til ansikt

SVT 1

10.00 Modiga kvinnor 10.30 Virusets världsvälde 11.00 Rapport 11.05 Öväntat besök 11.35 Hitler, Stalin och lilla Anja 12.10 Pappa Born 13.40 Diplomaterna 14.10 Maggie's nya liv 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Gymnastik med hjärtat 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Andra Avenyn 20.45 Räddad av Gestapo 21.45 After the Sunset 23.20 Kulturmyheterna 23.35 De halvt dolda 00.35 Sändningar från SVT24

## 100% KJÖT • HREIN AFURÐ

# Engin aukaefni Ekki viðbætt vatn

**NÝJUNG**  
BRINGUR MED SKINNI

3093 / TAKTÍK 26.1.2009



Guðríður Vestars hjá hundasnyrtistofunni Dýrabæ.

„Það er oft mikill hávaði hérna, bæði í þurrkunum og í viðskiptavinunum, svo það er voða lítil músík á stofunni. Þá helst Rás 2. Sjálf er ég hrifnust af íslenskri tónlist: Sálinni, KK, Bubba náttúrulega og öðrum góðum.“

Guðríður Vestars hjá hundasnyrtistofunni Dýrabæ.

# Eurovision-fjölskylda syngur um flatlús

Lygin ein, lag Alberts Jónssonar, vakti mikla athygli í undankeppni Eurovision á laugardaginn. Ekki síst fyrir þær sakir að til tíðinda hlýtur að teljast að sungið sé um flatlús í slíkrari keppni. „Nei, nei, það er engin persónu-

ir Albert sem hefur fengið töluverð viðbrögð við textagerðinni. „Sumum finnst textinn bara myndinn og flottur en hann fór vissulega fyrir brjóstið á öðrum.“ Albert var hins vegar búinn að fá nóg af textagerð þar sem orð á borð við „vindur“ og „sól“ koma fyrir. „Slíkir texta segja fólki ekki neitt.

Mig langaði að fara upp úr miðjumóðinu og fara bara alla leið, ýta aðeins við fólki,“ segir Albert sem tókst vissulega ætlunarverk sitt. Og það er skammt stórra högga á milli hjá Eurovision-fjölskyldunni því hún eignaðist sitt fyrsta barn fyrir aðeins þremur mánuðum.

„Við fengum stelpu sem heitir Kristín Björg og er skirð í höfuðið á ömmunum sínum. Hún er besta barn í heimi, sefur eins og engill og var bara í pössun á meðan við æfðum og trúðum upp.“



SAMHENT Eurovision-fjölskyldan Albert og Kaja með dótturina Kristínu Björgu sem er þriggja mánaða. Þau komust áfram í Eurovision á laugardaginn.

- fgg

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## TEXTABROT ÚR LYGIN EIN

„viti menn ég bæti enn við spunann minn ég hendi inn í þetta sinn flatlús við stubbinn þinn“

leg reynsla sem liggur þarna að baki,“ segir höfundurinn Albert og hlær en eiginkonan Kaja Halldórsdóttir söng lagið fyrir hann með miklum myndarbrag.

„Lagið fjallar bara um hegómlegan karlmann sem heldur fram hjá og hvernig eiginkonan getur náð sér niðri á honum,“ útskýr-

1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
11	12	13	14	15
16	17	18	19	20
21				

### LÁRÉTT

2. samtök, 6. tvíhljóði, 8. dýraljód, 9. smáskilaboð, 11. hljóta, 12. trappa, 14. yndis, 16. rykkorn, 17. húðsepi milli taa, 18. þangað til, 20. bókstafur, 21. hviða.

### LÓÐRÉTT

1. fíkniefni, 3. í röð, 4. strits, 5. af, 7. umbylta, 10. taug, 13. útdeildi, 15. baklafl á flik, 16. í viðbót, 19. vörumerki.

### LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. hass, 3. tu, 4. erfisís, 5. stéi, 16. auk, 19. ss. ffr, 7. umtumna, 10. sín, 13. gáf, 15. ffr.

LÁRÉTT: 2. stéi, 6. au, 8. urn, 9. sms, 11. fá, 12. stígi, 14. unuðs, 16. ar, 17. ffr, 18. uns, 20. sé, 21. kast.

## HANNES FRÍÐBJARNARSON: BARA EINS OG HVER ÖNNUR ÁRSHÁTÍÐ

# Seðlabankastjórn steig dans undir tónlist Buffsins

„Allir dönsuðu, Davíð líka. Ég meina, fólk getur ekkert annað undir tónlistinni okkar,“ segir Hannes Friðbjarnarson, slagverksleikari hljómsveitarinnar Buffs. Eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun nóvember var árhátíð Seðlabankans frestað fram í janúar. Þá var ástæðan sögð sú að mætingin hefði ekki orðið góð ef umræddur dagur hefði orðið fyrir valinu. Skemmtinefnd bankans tók þá ákvörðun.

Á laugardaginn rann stóri dagurinn upp. Styr hefur staðið um bankann í samfleytt þrjú mánuði og þá ekki síst seðlabankastjórnina með Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðgjafi Íslands, í forsvari. Nokkrir tugir mótmennda mættu til að láta skoðun sína í ljós en starfsmenn Seðlabankans létu sér fátt um finnstast og skemmtu sér konunglega undir stjórn veislustjórans, Ilmar Kristjánssdóttur leikkonu.

Þorsteinn Guðmundsson mætti einnig og hélt stutta tölu en hann var bókaður á skemmtunina í ágúst. „Þá var ég búinn að gleyma að Seðlabankinn væri til,“ segir Þorsteinn sem tekur fram að þetta hafi bara verið eins og hver önnur árhátíð.

„Ég fékk aðeins í magann áður en ég fór. Svo var þetta bara allt í lagi og fólk skemmti sér ágætlega, held ég. Það hitnaði eitthvað aðeins í kolunum fyrir utan eftir að ég fór.“

Buffið var einnig bókað í ágúst. Þá sat seðlabankastjórn á friðarstóli og allt var með kyrrum kjörum í þjóðfélaginu. Á laugardaginn var staðan og stemningin allt önnur. „Ég var búinn að hugsa um þetta alla vikuna en svo á laugardeginum þá gleymdi ég þessu



## MIKIÐ STUÐ

Ilmur Kristjánssdóttir var veislustjóri, Þorsteinn Guðmundsson flutti gamanmál og Buffið lék fyrir dansi. Davíð steig síðan dans undir föstum takti Hannesar Friðbjarnarsonar sem segir þetta hafa verið eins og hverja aðra árhátíð.



bara öllu. Mér brá því nokkuð þegar ég mætti á staðinn og sá mótmenndurnna,“ segir Hannes sem tekur skýrt fram að andrúmsloftið á hótelinu hafi síður en svo verið spennuþrungnið. Allavega ekki í hans augum. „Kannski

er ég eitthvað blindur á þetta. Við tókum alla framsóknarslagarana, Traustur vinur og gömlu dansana og fengum mikið lof fyrir,“ segir Hannes. „Þetta var bara hefðbundinn vinnudagur hjá okkur í Buffinu.“

freygigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er ekkert grín að vera grinari nú um stundir. Það fengu þeir Spaugstofumenn að reyna á föstudaginn. Þeir voru þá búnir að taka upp mikið atriði þar sem **Örn Arnason** í gervi Geirs H. Haarde söng með tilþrifum „My way“ en í ljósi tilkynningar forsætisráðgjafa um veikindi sín þótti það ekki við hæfi í herbúðum þeirra Spaugstofumanna að hafa veg Geirs í flimtningum. Ruku þeir til og unnu nýtt efni sem var í takt við þann tíma sem nú er á fleygiferð.



Pórsmerkurporraferð jeppaklúbsins NFS, sjónvarpsfólks af Stöð 2, tókst afbragðsvel þó að ferðin væri farin í skugga nýlegra uppsagna svo sem þeirra Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Elínar Sveinsdóttur. Leynigestur skaut upp kollinum, söng og skemmti við góðar undir-



tektir. Var þar enginn annar en **Ómar Ragnarsson** sjálfur sem lék við hvurn sinn finger. Auk þess voru teknir inn nýir meðlimir og voru það hjónakornin Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir.

**Egill Helgason** sjónvarpsmaður, sem hefur verið í miðju umræðunnar um Ísland á heljarþróim, og heldur sér í góðu formi á World Class úti á Seltjarnarnesi þar sem hann er fastagestur. Þangað rauk hann beint eftir þátt sinn Silfur Egils á sunnudaginn en var ekki laus við hið pólitíska karp því áður en hann komst inn til að taka á því rakst hann á Árna Pál Arnason sem átti ýmislegt vantalað við sjónvarpsmanninn skelegga. - jbg



**Gefðu vatn**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

## Hressandi starf

Vegna breytinga á dreifingarfyrikkomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í **Kópavogi, Hafnarfirði** og **Garðabæ**.

Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins

í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is



## Herði Torfasyni boðið til Bretlands

Herði Torfasyni hefur borist tilboð að utan um að stjórna mótæmum gegn kreppu og fjármálahrununu. Bretar eru meðal annars mjög áhugasamir um að fá tónlistarmanninn í lið með sér. „Ég hef nú ekkert íhugað þetta og mun sennilega ekkert gera það. En maður á aldrei að segja aldrei,“ segir Hörður og bætir því við að heimsbyggðin fylgist vel með gangi mála hér á Íslandi. „Menn eru hrifnir af því hverju okkur hefur tekist að koma til leidda hér á Íslandi án þess að beita ofbeldi.“

Hörður segir ekki rétta tímann til að fagna þótt stjórnin sé fallin. Nú birtist lukkuriddarar og frelsishetjur en þar geti reynt úlfar í sauðagæru. „Menn þurfa því að halda vöku sinni því sagan hefur sýnt okkur að þar geta reynt varhugaverðir einstaklingar.“ Og Hörður bendir jafnframt á að seðlabankastjóri sé enn ekki farinn úr bankanum. „Stjórn málin eru

þannig að það hefur ekkert verið gert fyrir en það hefur verið gert.“

En það að vera í forsvari fyrir svona samtök hefur líka sínar skuggahlíðar. Hörður greinir frá því í samtali við breska blaðið Independent að til hans hafi hringt maður utan af landi. Sá hafi komið á framfæri ósk ættingja síns um að byggja gálga fyrir framan Alþingishúsið. Fjölskyldan í fjóra ættliði hefði tapað aleigu sinni. „Hann vildi hengja sig á opinberum vettvangi,“ segir Hörður við Independent. Tveimur dögum seinna hafi umræddur maður tekið sitt eigið líf. Hörður staðfesti þessa frásögn. „Þegar ég fékk símtalið á föstudaginn þá leið mér eins og einhver hefði keyrt yfir mig á vörubíl. En þetta er bara sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir í dag. Við þurfum ekkert að persónugera vandann en við verðum að horfast í augu við að þetta er sá veruleiki sem við lifum í.“

- fgg



BOÐIÐ TIL BRETLANDS Herði Torfasyni hefur verið boðið til Bretlands til að stjórna þar mótæmum. Hann efast um að taka að sér djöbbið.



**EKKERT KJAFTÆÐI!**  
NÚ ERU ENGAR AFSAKANIR.  
ÞETTA ER ENDALOUS BARÁTTA,  
**VIÐ SKÖFFUM RÉTTU VOPNIN.**

**Fylgir með öllum þrektækjum:**

Vandað veggspjald með æfingaplani, skipt niður á vikudagana með upplýsingum og myndum af æfingum.

Æfingarnar eru teknar saman af GÁP og Sölva Fannari hjá Heilsuráðgjöf sérstaklega til að aðstoða þig við að ná enn betri árangri heima!

**ÞÚ FÆRÐ VIKU TIL AÐ SANNFÆRAST\***  
**HLAUPABRAUT ENTIRE-6106FC**

Hagnýt, hljóðlát, og fyrirferðarlítill hönnun sem að skilar frábærri æfingu án þess að taka mikið gólfpláss  
Mótor: 2,0 Hp DC (Continues)  
Hlaupafloitur: 44 x 131 cm  
Hraða svið: 0.8-16 KM/HR  
1 Skjár LCD  
Tími/Vegalengd /Hraði  
/Púls/Forrit 1-25  
Hand Púls  
Hraðstillingar á hraða og halla  
3/6/9/12 km/hr & 0/5/10/15% Halli  
Samanbrjótanleg  
Svalandi vífta.

**Verð kr. 210.000**



**178.500**  
kynningartilboð



**HEILSURÁDGJÖF.is**  
Ekkert kjaftæði...

**FJÖLÞJÁLFI ST990**

INFINITY, þolir 150 kg.  
**Verð kr. 159.990**



**ÆFINGADÝNA**

EVERLAST.  
**Verð kr. 3.990**



**ÆFINGABOLTI**

EVERLAST 24"  
**Verð kr. 3.990**



**Teygjur**

EVERLAST, 3 í pakka.  
**Verð kr. 2.990**



**LÆRABANI**

EVERLAST.  
**Verð kr. 1.990**



\*Ef þú verður ekki ánægð/ur með nýja þrektækið þitt þá getur þú skilað því innan 7 daga, valið nýtt eða fengið endurgreitt. Við skil á tækinu þarf það að sjálfsögðu að vera í upprunalegu ástandi.

**GAP**

**WWW.GAP.IS**

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI**

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 11-15



**BAKÞANKAR**  
Karenar D.  
Kjartansdóttur

## Langþráð gúrka

Skoði maður helstu fréttir fjölsmiðla fyrir ári síðan er ekki laust við að djúpur söknuður grípi mann. Söknuðurinn felst samt ekki í þranni eftir horfnum lífsgæðum og frelsi undan horfnum lífsgæðum. Það sem mest eftirsjá er að, eru fréttir sem fólk nennir að lesa. Fréttir af fólki og fyrir fólk, frekar en endalaust hjakk í sama fari vegna stórfreтта, válegra tíðinda og annarra hörmunga.

**FYRIR** réttu ári var forsíða Fréttablaðsins til að mynda fjarri því að líkjast forsíðum undanfarna mánaða. Vissulega var sagt frá pólitískum glímütökum í borgarstjórn Reykjavíkur í smáfréttum, en þær stóru voru öllu meira spennandi.

„**HÆKKAR** hratt í Kleifarvatni“ var meðal þeirra upplifgandi fyrirspagna sem prýddu forsíðu þessa blaðs 27. janúar 2008. Þar voru landsmenn fullvissadír um að ógnvænleg þróun vatnsfirborðs þessarar þjóðargensersemi væri að snúast við. Hjúkk.

**STÆRDARMYND** fékk virðingarsess á síðunni. Fyrir þá sem ekki muna hvernig forsíðumyndir litu út fyrir kreppu, þá skal hér tekið fram að hvorki Geir Haarde né Ingibjörg Sólrún sáust veikindaleg og áhyggjufull á myndinni. Þeirra í stað voru kappklæddir Ástralar, sem búsettir voru hér á landi, í grillveislu í Nauthólsvík. Krakkar með pylsur og djús eru talsvert skemmtilegra myndefni en þingflokkur sjálfstæðismanna og samfylkingarfólks.

**FORSÍÐUFRETTIN** bar að vísu nokkurn kreppubrag, því hún tengdist fjármálaráðuneytinu. Grunur lék á að starfsmaður ráðuneytisins tengdist smygli á eiturlyfjum til landsins. Blaðamaður ræddi málið við Árna Mathiesen fjármálaráðherra, sem svaraði með setningu sem nú ætti að vera landsmönnum að góðu kunn sem mantra ráðherrans. „Ég veit eiginlega ekkert um þetta,“ sagði Árni. Þá var tekið fram að ekki hefði náðst í Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóra vegna málsins. Það er gömul saga og ný.

**ÞAÐ** er óskandi að bráðum renni upp bjartari tíð, þar sem fattleysi ráðherra snertir aðeins nánustu samstarfsmenn hans, en ekki þjóðina alla. Mikið væri gaman ef smærri fréttir yrðu aftur aðalfréttirnar, þó vissulega megi hrósa Sigurði Kára fyrir tilraun til þess, þegar hann reyndi að lauma bjórnum í matvörubúðir á fyrsta degi eftir jólafrí. Fyrir ári síðan hefði slíkt þótt stórfreтт.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn  
27. janúar, 27. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.22	13.40	16.59
Akureyri	10.22	13.25	16.29

Heimild: Almanak Háskólans

# ÚTSALA REKKJUNNAR 20-60% AFSLATTUR!

**Þrýstijöfnunar-svamsrúm**  
(Queen Size 153x203)  
Verð áður 165.500 kr.  
**KOSTAR NÚ 99.300 kr.**

**RÚMSTÆÐI MEÐ LATEX HEILSUÐYNU**  
**ALLT AÐ 40% AFSLATTUR**

**COMODO**  
Sveitsdál  
Verð áður 398.950 kr.  
**KOSTAR NÚ 279.265 kr.**

**SÆNGURVER**  
**30% AFSLATTUR**  
Verð frá 3.710 kr.

**FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM**  
**ALLT AÐ 30% AFSLATTUR**

**SVEFNÓSFAR**  
**ALLT AÐ 30% AFSLATTUR**  
Verð frá 38.000 kr.

**HEILSUKODDAR**  
**30% AFSLATTUR**  
Verð frá 5.530 kr.

**KING KOIL HEILSURÚM**  
(Queen Size 153x203)  
Verð áður 155.455 kr.  
**KOSTAR NÚ FRÁ 89.900 kr.**

